

# Fjölbrautaskóli Snæfellinga

## Úttekt


Ásrún Matthíasdóttir  
Trausti Þorsteinsson

Ágúst 2007



# Fjölbrautaskóli Snæfellinga

## Úttekt





## Efnisyfirlit

|   |    |
|---|----|
| Helstu niðurstöður.....                     | 5  |
| 1. Inngangur .....                          | 7  |
| 2. Gögn og aðferðir .....                   | 9  |
| 3. Fjölbrautaskóli Snæfellinga .....        | 11 |
| 4. Niðurstöður úttektar .....               | 15 |
| 4.1. Undirbúningur að stofnun skólans ..... | 15 |
| 4.2. Húsnæði og búnaður .....               | 18 |
| 4.3. Nemendur FSN .....                     | 22 |
| 4.4. Nám og kennsla í FSN .....             | 28 |
| 4.5. Innra gæðakerfi .....                  | 36 |
| 4.6. Stjórnun og rekstur .....              | 39 |
| 4.7. Forysta um breytingar .....            | 42 |
| 4.8. Viðhorf og væntingar til FSN .....     | 44 |
| 4.9. Styrkleikar og veikleikar .....        | 46 |
| 5. Umræða og samantekt.....                 | 52 |
| Heimildir .....                             | 60 |

## Myndir

|  |    |
|--|----|
| Mynd 1: Snæfellsnes. Starfssvæði FSN.....  | 11 |
| Mynd 2: Grunnflötur FSN .....  | 20 |
| Mynd 3: Fjöldi ársnemenda FSN, 2004–2008.....                                    | 23 |
| Mynd 4: Fjöldi brautskráðra frá FSN 2005–2007.....                               | 29 |
| Mynd 5: Dæmi um fasta tíma í töflu nemanda með 19 einingar. ....                 | 31 |
| Mynd 6: Samanburður á árangri í fyrstu 6 einingunum í stærðfræði 2005–2007. .... | 33 |
| Mynd 7: Brottfall innan annar í FSN árin 2004–2007 .....                         | 38 |

## Töflur

|   |    |
|---|----|
| Tafla 1: Áætlun stýrihóps um nemendafjölda í FSN. ....                                      | 22 |
| Tafla 2: Spá stýrihóps um nemendafjölda FSN fyrstu fimm starfsárin .....                    | 23 |
| Tafla 3: Þróun nemendafjölda FSN (Upplýsingar frá FSN). ....                                | 24 |
| Tafla 4: Virkir nemendur FSN 2005–2007 með tilliti til aldurs. ....                         | 25 |
| Tafla 5: Skipting nemenda FSN á námsbrautir skólaárið 2006–2007 (Tafla fengin frá FSN)..... | 28 |

## Helstu niðurstöður

- Almennt virðist hafa tekist vel til í starfi Fjölbrautaskóla Snæfellinga (FSN) á fyrstu þremur starfsárum hans. Andrúmsloftið í skólanum er þægilegt og vinnusamt og samskipti kennara og nemenda virðast opin og frjálsgleg.
- Mikill metnaður hefur verið lagður í uppbyggingu skólans og mótun hans af hálfu heimamanna og hefur menntamálaráðuneytið stutt vel við allan undirbúning.
- Meginvæntingarnar, sem gerðar voru til skólans við stofnun hans, voru að hann mætti draga úr því óöryggi, sem fylgir því meðal ungs fólks og foreldra þess, að flytja að heiman til framhaldsnáms. Ekki verður annað séð af niðurstöðum en þetta hafi gengið vel eftir.
- Skólinn virðist hafa dregið úr hrepparíg, skapað grundvöll til aukins samstarfs íbúa sveitarfélaganna sem standa að baki honum og stuðlað að uppbyggingu norðanverðs Snæfellsness sem einnar samfélagslegrar heildar.
- Aukning á fjölda nemenda hefur orðið nokkru meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir, sem bendir til þess að skólinn hafi skapað sér tiltrú og að hann uppfylli þær væntingar sem til hans voru gerðar.
- Aðsókn drengja að FSN er talsvert minni en stúlkna enda þótt drengir séu hlutfallslega fleiri á upptökusvæði skólans. Brottfall er einnig nokkuð við skólann. Kann það að skýrast að hluta af því að skólinn hefur ekki upp á að bjóða fjölbreytt námsframboð á starfsnámsbrautum. Fámenni skólans sem og skipulag starfsnáms hafa áhrif á framboð á starfsnámi en leita þarf áfram að lausn á því hvernig koma má til móts við þá nemendur sem hefja vilja starfsnám af ýmsu tagi. Lagt er til að skólinn kanni meðal þeirra nemenda sem hverfa frá námi ástæður brotthvarfsins til að freista þess að greina hvaða þættir vegi þar þyngst og í framhaldi bregðist hann við þeim þáttum sem hann hefur tök á að breyta til hagsbóta fyrir nemendur.
- Húsnæði FSN virðist henta vel til þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Áherslu þyrfti þó að leggja á uppbyggingu aðstöðu fyrir bókasafn eða upplýsingamiðstöð í skólanum þar sem gögn eru aðgengileg og hægt er að leita aðstoðar við heimildaleit í bókum og tímaritum og í gegnum tæknimiðla.
- FSN er ætlað að vera leiðandi í breyttum kennsluháttum og í notkun upplýsingatækni í skólastarfi með áherslu á dreifmennt og tekur allt skipulag skólastarfs mið af því. Mikilvægt er að áfram sé stutt við það frumkvöðlastarf sem unnið hefur verið í skólanum og eldmóður starfsfólks nýttur til frekari þróunar á skólastarfi sem nýtast á út fyrir vegg skólans. Til að styðja við starfsþróun kennara væri æskilegt að koma á handleiðslu utanaðkomandi aðila sem kæmi í skólann tvisvar til þrisvar á önn og sinnti einum kennara eða hópi kennara við að tileinka sér fjölbreyttari kennsluáferðir

á grundvelli reynslu og þekkingar þeirra á þeim tæknimiðlum og hugbúnaði sem skólinn hefur upp á að bjóða.

- Mikilvægt er að kennarar og stjórnendur vinni að markvissri áætlanagerð um þróun starfshátta, skráningu og mat á þróunarstarfinu til að auðvelda öðrum að læra af starfi þeirra.
- Kennsluhættir sem þróaðir hafa verið í FSN virðast styðja vel við það grundvallarhlutverk skólastarfsins að efla ábyrgðarkennd, viðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda auk þess að þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun. Nemendur bera mikla ábyrgð á eigin námi og þurfa strax frá upphafi að tileinka sér öguð og sjálfstæð vinnubrögð.
- Á fyrsta námsári, meðan nemendur eru að læra á kennsluhætti FSN og læra það að þeir eru sjálfs sín herrar, er hættu á að þeim finnist skorta ákveðið aðhald og beina fræðslu. Endurskoða þarf með hvaða hætti nemendur eru leiddir inn í starfshætti skólans þannig að þeir finni til öryggis í skólanum og séu frá fyrsta degi færir um að takast á við námið.
- Athygli vekur að námsmat hefur lítið þróast í takt við breytta námshætti. Þótt símat sé viðhaft í einhverjum mæli í áföngum skólans virðast kennarar einkum styðjast við aðferðir lokamats (summative assessment) fremur en leiðsagnarmat (formative assessment) þar sem fleiri þættir eru metnir en þeir þekkingarbundnu. Kennsluformið býður upp á að leikni nemenda sé metin, sjálfstæði í námi og vinnubrögðum, félagsleg samskipti og fleiri þættir sem mikilvægir eru í ljósi hinnar félagslegu hugsmíðahyggju sem kennsluhættir skólans taka mið af.
- Til þess að þróa starfið áfram er mikilvægt að skólinn hafi reglubundið mat á starfinu og stuðli að faglegri ígrundun kennara. Þetta gerir skólinn í nokkrum mæli en það virðist hvorki vera nógu sýnilegt né markvisst. Þessa er hvergi getið í skólanámskrá og hvergi að finna ábendingar um að skólinn hyggist beina kröftum sínum að þróun tiltekinna þátta í starfi sínu né um hvaða nýrrar þekkingar þarf að afla til að ná þangað sem skólinn stefnir.



## 1. Inngangur

Í samræmi við ákvarðanir er teknar voru við stofnun Fjölbrautaskóla Snæfellinga (FSN) ákvað menntamálaráðuneytið að gera úttekt á starfsemi skólans. Skyldi úttektin ná til tímabilsins frá því skólinn hóf starfsemi sína haustið 2004 til loka vormisseris 2007. Megintilgangur úttektarinnar er að leita svara við því hvernig FSN hefur tekist að mæta þörfum íbúa á svæðinu fyrir menntunarræði á framhaldsskólastigi og hvort skólinn hafi uppfyllt þær væntingar sem til starfseminnar voru gerðar við stofnun hans. Jafnframt að afla upplýsinga um hvernig til hefur tekist með þróun nýrra kennsluhátta og fyrirkomulags dreifmenntunar með nýtingu upplýsingatækni, auk þess að greina styrkleika og veikleika í starfsemi skólans og gera tillögur til úrbóta.

Í verklýsingu eru tilgreind þrjú meginmarkmið úttektarinnar:

- 1) Að leggja mat á starfsemi Fjölbrautaskóla Snæfellinga.
- 2) Að meta að hve miklu leyti skólinn hefur uppfyllt þau markmið sem sett voru við stofnun hans.
- 3) Að meta hvort starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár og að hve miklu leyti skólinn hefur náð árangri við að uppfylla markmið skólanámskrár.

Við úttektina skyldi einkum lagt mat á eftirfarandi:

- Fyrirkomulag og innihald námsins. Námsefni, kennsluáðferðir, námsmat, námskröfur, skólanámskrá og tengsl við aðalnámskrá.
- Markhóp, aðsókn að skólanum, námsframboð, námsárangur og brottfall.
- Nýtingu upplýsingatækni við þróun nýrra kennsluhátta og dreifmenntunar og annað nýbreytnistarfs.
- Innra gæðakerfi.
- Stjórnun og samskipti og samstarf kennara og annars starfsfólks.
- Menntun og bakgrunn kennara.
- Viðhorf nemenda, foreldra, stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna og sveitarstjórna á svæðinu.
- Aðstöðu í nýju skólahúsi m.t.t. þróunarstarfs á sviði nýrra kennsluhátta, dreifmenntunar og annars nýbreytnistarfs.

➤ Undirbúning að stofnun skólans.

Menntamálaráðuneytið leitaði til Ásrúnar Matthíasdóttur og skólaþróunarsviðs kennaradeildar Háskólans á Akureyri um að annast framkvæmd úttektarinnar. Fyrir hönd skólaþróunarsviðs vann Trausti Þorsteinsson að úttektinni.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir því hvernig upplýsinga var aflað. Síðan er stuttlega gerð grein fyrir FSN. Þá er gerð grein fyrir niðurstöðum úr upplýsingaöfluninni þar sem sjónum er beint að undirbúningi að stofnun FSN, húsnæði og aðbúnaði, nemendum skólans, námi og kennslu, innra gæðakerfi, stjórnun og rekstri og loks viðhorfum og væntingum til skólans. Að lokum er stutt umræða og samantekt á niðurstöðum.

Höfundar þakka þeim fjölmörgu sem lögðu þeim lið við gerð þessa verkefnis. Of langt mál yrði að telja þá alla upp en formleg viðtöl voru tekin við nemendur, kennara, skólameistara, aðstoðarskólameistara, verkefnisstjóra, sérfræðinga í menntamálaráðuneyti, foreldra, skólanefndarmenn og bæjarstjóra. Allt veitti þetta ágæta fólk gagnlegar upplýsingar sem því eru færðar góðar þakkir fyrir.

## 2. Gögn og aðferðir

Tilgangur úttektar á Fjölbrautaskóla Snæfellinga (FSN) er að leita svara við eftirfarandi þrem meginspurningum:

1. Er starfsemi FSN, frá því hann hóf starfsemi haustið 2004 og til loka skólaárs 2006/2007, í samræmi við þær væntingar sem til starfseminnar voru gerðar með stofnun skólans og ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár?
2. Hvernig hefur til tekist með þróun nýrra kennsluhátta, fyrirkomulag dreifmenntunar og nýtingu upplýsingatækni?
3. Hefur skólanum tekist að mæta þörfum íbúa á svæðinu fyrir menntunarúrræði á framhaldsskólastigi?

Í meginatriðum er úttektin byggð á eigindlegum matsaðferðum. Gagna var aflað með viðtölum og vettvangsathugunum ásamt því að rýnt var í rituð gögn frá skóla og menntamálaráðuneyti, s.s. skólanámskrá, sjálfsmatsskýrslur, skólasamninga, þróunaráætlanir, fundargerðir skólanefndar, ársskýrslur, skýrslu um undirbúning að stofnun skólans, rannsóknarskýrslur, gögn um innritun og nemendafjölda, upplýsingar um starfsmannahald og upplýsingar um skólasókn og námsárangur. Auk þessa var tölulegra upplýsinga aflað frá Hagstofu Íslands.


Viðtöl voru tekin við skólameistara, aðstoðarskólameistara, fulltrúa úr skólanefnd, bæjarstjóra Grundarfjarðarbæjar og námsráðgjafa. Til þess að öðlast skilning á viðhorfi og reynslu helstu hagsmunaaðila skólans af starfi og þjónustu hans voru stofnaðir rýnihópar (focus groups) kennara, nemenda og foreldra. Miðað var við að minnst sex einstaklingar yrðu í hverjum rýnihópi. Í öllum viðtölum nema einu voru athugendur tveir saman. Annar stýrði viðtölunum og spurði spurninga meðan hinn fylgdist með viðbrögðum viðmælenda og skráði hjá sér þær upplýsingar sem fram komu. Til að afla upplýsinga um undirbúningsferlið við stofnun FSN var rætt við fulltrúa þeirra aðila sem unnu að undirbúningi að stofnun skólans. Rætt var við fulltrúa í stýrihópi og verkefnisstjóra. Öll viðtöl, bæði við rýnihópa og einstaklinga, voru tekin upp til að auðvelda úrvinnslu.

Vettvangsathugun var beitt til að afla upplýsinga um kennsluhætti, þróunarstarf og nýtingu kennsluhúsnæðis. Settur var saman atriðalisti sem athugandi hafði til stuðnings við vettvangsathugun sína. Einkum var horft til fjölbreytni kennsluaðferða, sjálfstæðis nemenda í námi, nýtingar upplýsingatækni í námi nemenda, tilhögunar dreifmenntunar, fyrirkomulags námsmats, námskrafna og almenns staðblæs í skóla.

Unnið var úr gögnum í samræmi við ofangreinda upptalningu og með það fyrir augum að svara matsspurningum á sem skýrasta hátt.

### 3. Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Þann 19. desember 2003 undirritaði menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich, og fulltrúar sveitarfélaga á norðanverðu Snæfellsnesi, þ.e. Stykkishólmsbæjar, Snæfellsbæjar (Ólafsvík, Rif, Hellissandur), Grundarfjarðarbæjar og Helgafellssveitar, samstarfssamning um stofnun nýs framhaldsskóla, Fjölbrautaskóla Snæfellinga.<sup>1</sup> Skólanum var valinn staður í Grundarfjarðarbæ sem er miðsvæðis á starfssvæði skólans (Mynd 1).



Mynd 1: Snæfellsnes. Starfssvæði FSN.

Við undirbúning að stofnun skólans var ákveðið, í ljósi fámennis á starfssvæði hans, að hann skyldi verða leiðandi á tveimur sviðum: í breyttum kennsluháttum og í nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi. Eftir ítarlegan undirbúning hóf skólinn starfsemi 30. ágúst 2004, en þá voru 115 nemendur innritaðir til náms í honum.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er framhaldsskóli með áfangakerfi. Skólinn hefur mótað skólanámskrá sína og kynnir hana á vef sínum. Skólinn hefur það að meginmarkmiði að skapa metnaðarfullt námsumhverfi þar sem komið er til móts við þarfir hvers og eins með sveigjanlegu skipulagi. Áhersla er lögð á persónuleg samskipti starfsfólks og nemenda og að nemendur mæti ávallt alúðlegu viðmóti. Hlutverk skólans er að:

- stuðla að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi
- búa nemendur undir störf í atvinnulífinu og frekara nám

<sup>1</sup> Menntamálaráðuneytið, 2003.

- efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda
- þjálfa nemendur í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun
- kenna nemendum að njóta menningarlegra verðmæta
- hvetja nemendur til stöðugar þekkingarleitar.<sup>2</sup>

Stefna í umhverfismálum hefur verið mörkuð á Snæfellsnesi og vestast á nesinu, undir Jökli, hefur verið stofnaður þjóðgarðurinn Snæfellsjökull. Í þessu ægifagra umhverfi starfar FSN og hefur skólinn mótað sína eigin umhverfisstefnu þar sem áhersla er lögð á að skólinn sinni vel því hlutverki að ganga á undan með góðu fordæmi á sviði umhverfismála og hafi umhverfissjónarmið og verndun náttúrunnar að leiðarljósi. Í þessu sambandi vinnur skólinn að því að hljóta Grænfanann sem er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákni um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum.<sup>3</sup>

Í FSN er áhersla lögð á að byggja upp öflugt og heilbrigt félagslíf nemenda um leið og unnið er markvisst að forvörnum. Í þessu skyni hefur skólinn sett fram forvarnastefnu og hefur auk þess sett sér nákvæmar vinnureglur er varða eftirlit á samkomum og í ferðum á vegum skólans.<sup>4</sup> Þá hefur skólinn sett sér sérstaka jafnréttisstefnu en leitast er við að gæta jafnréttis á öllum sviðum og að skapa jákvætt samfélag fyrir starfsfólk og nemendur í skólanum.<sup>5</sup>

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er með sveigjanlegt og nýstárlegt námsfyrirkomulag þar sem námsrýmin eru opin og allt nám er skipulagt með aðstoð kennsluumsjónarkerfisins *Angel*. Upplýsingatæknin er nýtt á margvíslegan hátt í náminu og fléttast inn í alla þætti skólastarfsins. Öll kennsla í skólanum fer fram með dreifmenntarsniði þar sem skiptast á hefðbundnar kennslustundir og verkefnatímar. Ein af grundvallarhugmyndum dreifmenntar er að koma til móts við ólíkar námsaðferðir nemenda og hvetja þá til að nýta sér námsumhverfi sem býður upp á gagnvirkni og samvinnu. Dreifmennt byggist á auknu sjálfstæði og ábyrgð hvers nemanda á eigin námi og er mikil áhersla lögð á sjálfstæða vinnu nemenda sem kallar á gott skipulag af þeirra hálfu. Því er mikilvægt í dreifmennt að kennari aðstoði nemendur við að skipuleggja námið og ljóst sé frá upphafi hver markmiðin eru og hvernig eigi að nálgast þau. Hér skipta máli atriði eins og

<sup>2</sup> Fjölbrautaskóli Snæfellinga, 2006a.

<sup>3</sup> Fjölbrautaskóli Snæfellinga, 2006e.

<sup>4</sup> Fjölbrautaskóli Snæfellinga, 2006c.

<sup>5</sup> Fjölbrautaskóli Snæfellinga, 2006d.

áfangalýsing og góð námsáætlun sem og gott aðhald kennara, t.d. með góðri endurgjöf og símati. Námsmat á ekki eingöngu að vera í samræmi við markmið heldur á það einnig að taka mið af kennsluaðferðum dreifnáms bæði með því að nýta símatsformið og því að nýta fjölbreyttar aðferðir við að meta vinnu og árangur nemenda. Skipulag kennslunnar miðar að því að virkja nemendur og veita þeim aðhald með símati og verkefnavinnu.

Dreifmennt felur það í sér að kennarar skipuleggja alla kennslu með það að markmiði að nemendur geti stundað námið hvort sem þeir eru á staðnum eða ekki. Nemandinn getur því valið að vinna sín verkefni undir beinni leiðsögn kennara í húsnæði skólans eða utan skólans og nýta sér tæknin til samskipta. Kennsluumsjónarkerfið *Angel* er notað til að skipuleggja kennsluna (allt efni, verkefni og fyriræli eru lögð þar fram) og halda utan um allar upplýsingar fyrir hvern áfanga þannig að þær eru aðgengilegar alla önnina þeim sem aðgang hafa að kerfinu. Nemendur skila verkefnum í gegnum *Angel* og taka oftast próf þar einnig. Kennarar stýra vinnu nemenda og eru til aðstoðar bæði í hefðbundnum tímum og verkefnatímum. Nám nemenda fer aðallega fram með verkefnavinnu og vinna þeir ýmist einstaklingsverkefni eða hópverkefni. Þeir hafa frjálsa tímasókn í verkefnatíma en telji kennari að nemandi hafi slegið slöku við getur hann skikkað hann í verkefnatíma til að vinna upp.

Gestakennarar kenna tiltekna áfanga við skólann og er fyrirkomulag þeirrar kennslu með svoltið öðru sniði en staðbundna kennslan. Í stað hefðbundinna kennslustunda og verkefnatíma koma gestakennarar í skólann tvisvar til fjórum sinnum yfir önnina, hitta nemendur sína og skipuleggja námið með þeim. Að öðru leyti eru gestakennarar í tengslum við nemendur sína í gegnum kennsluumsjónarkerfið *Angel* (tölvupóstur, spjallþræðir o.fl.) og einnig nýta þeir sér annars konar tækni, s.s. fjarfundabúnað og MSN-samskiptaleiðina. Stundataflan er í meginráttum skipulögð þannig að í henni skiptast á hefðbundnar kennslustundir og verkefnatímar. Kennsla hefst kl. 8:30 á morgnana og lýkur kl. 15:30 nema á föstudögum en þá lýkur henni kl. 13:15.<sup>6</sup>

*Angel* (A New Global Environment for Learning) kennslukerfið (kennsluumhverfið, kennsluumsjónarkerfið) býður upp á marga áhugaverða kosti, s.s. til samskipta og dreifingar á efni og möguleika á að fylgjast með vinnu nemenda. Góðir samskiptamöguleikar eru í boði innan kerfisins, s.s. tölvupóstur og umræðuþræðir, og þar

<sup>6</sup> Fjölbrautaskóli Snæfellinga, 2007a.

er hægt að stofna hópa sem geta unnið saman. Kennslukerfi geta auðveldað mjög vinnu kennara sem vilja nýta sér tæknina í starfi sínu og einnig stutt vel við nemendur þar sem þeir hafa t.d. alltaf aðgang að því efni sem sett er í kerfið. Gæði notkunarinnar byggjast á því hversu virkur kennarinn er við að setja efni og verkefni inn í kerfið sem og að nýta sér það við endurgjöf og til að skapa umræður og umhverfi fyrir samvinnu. Í dag eru nokkur kennslukerfi í notkun hér á landi en segja má að ekki sé mikill munur á þeim, svipaða hluti er hægt að gera í þeim öllum en hvert kerfi hefur síðan sín sérkenni. Það sem aðskilur kerfin frekar er notendaviðmótið og hversu auðveld umgengnin er ásamt því að þau eru ekki öll á íslensku og hafa ekki öll góða tengingu við Innuna þar sem nemendalistar og námsferlar eru. Angel kerfið er svipað öðrum kennslukerfum sem eru á markaði í dag og býður upp á svipaða möguleika. Helstu ókostir sem nefna má eru að kerfið er ekki nógu samhæft við Innu, upplýsingakerfi fyrir framhaldsskóla sem smíðað hefur verið á vegum menntamálaráðuneytisins, en það hefur í för með sér óhagræði fyrir kennara. Einnig er Angel kerfið ekki að fullu á íslensku. Meginkostur þess fram yfir önnur kerfi er hins vegar sá að auðvelt er fyrir kennara að stofna hópa innan þess. Í heildina má segja að notkun kennslukerfa feli í sér mikið hagræði fyrir bæði kennara og nemendur og aðstoði þá við skipulag og alla umsýslu með námi og kennslu.

Í skólanámskrá er að finna upplýsingar um námsframboð skólans, innritun, inntökuskilyrði og reglur um skólasókn. Þar má einnig finna ýmsar upplýsingar er varða nám og kennslu, skóla-, umgengnis- og tölvureglur og stjórnendur og starfsmenn.



## 4. Niðurstöður úttektar

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir upplýsingum er fengnar voru frá rýnihópum, úr viðtölum sem tekin voru við einstaklinga, vettvangsathugunum og úrvinnslu úr skráðum gögnum. Í fyrstu verður gerð grein fyrir gögnum og upplýsingum er varða undirbúning að stofnun skólans, greint frá húsnæði og búnaði FSN, nemendum skólans og námi og kennslu. Aflað var upplýsinga um innra gæðakerfi skólans, stjórnun og rekstur og loks var sjónum beint að því viðhorfi og þeim væntingum til skólans sem fram komu í gögnunum.

### 4.1. Undirbúningur að stofnun skólans

Á fundi 26. nóvember 2003 ályktaði Héraðsnefnd Snæfellinga með eftirfarandi hætti:

*Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Félagsheimilinu Klifi, Snæfellsbæ, miðvikudaginn 26. nóvember 2003 fagnar ákvörðun stjórnvalda um stofnun Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Héraðsnefnd hvetur stjórnvöld til þess að tryggja nægilegt fjármagn til uppbyggingar og reksturs skólans. Framhaldsskóli í heimabyggð er eitt brýnasta hagsmunamál íbúanna á svæðinu.<sup>7</sup>*

Frumkvæði að stofnun FSN er komið frá sveitarfélögum á norðanverðu Snæfellsnesi. Í frásögn fulltrúa úr skólanefnd og bæjarstjóra Grundarfjarðar af stofnun FSN kom fram að í upphafi árs 2000 hafi sveitarfélögin komið sér saman um að þörf væri á að fá framhaldsskóla á norðanvert nesið. Urðu þau sammála um staðsetningu á Grundarfirði og skrifuðu undir samkomulag þar að lútandi. Þar var skólinn talinn miðsvæðis og þjónaði svæðinu best. Samstaða varð um það meðal sveitarfélaganna að vinna saman að þessu markmiði sem þau töldu þjóðþrifafyrirtæki.

Undirbúningsstarf hófst fljótlega. Skipaði menntamálaráðherra stýrihóp til að vinna að undirbúningi. Hópin skipuðu:

Karl Kristjánsson, menntamálaráðuneyti, formaður

Hermann Jóhannesson, menntamálaráðuneyti

Jóna Pálsdóttir, menntamálaráðuneyti

Þjörg Ágústsdóttir, fulltrúi sveitarfélaga á Snæfellsnesi.

Starfsmaður hópsins og verkefnisstjóri var Hrönn Pétursdóttir.

<sup>7</sup> Héraðsnefnd Snæfellinga, 2003.

Í erindisbréfi hópsins segir að fyrsta verkstig í verkefninu skyldi vera mótun á nýju námsfyrirkomulagi og skilyrðum fyrir húsnæði framhaldsskóla þar sem farnar væru nýjar leiðir í kennslu og upplýsingatæknin nýtt til hins ítrasta. Í framhaldi af því yrði stofnaður nýr skóli á Snæfellsnesi sem byggði á nýja fyrirkomulaginu. Menntamálaráðuneytið bæri ábyrgð á mótun námsfyrirkomulagsins og skilyrðum húsnæðisins. Á hinn bóginn bæri skólanefnd ábyrgð á stofnun og rekstri skólans, en nefndin yrði ekki skipuð fyrr en skólinn væri settur á fjárlög.<sup>8</sup>

Mjög margir komu að undirbúningsvinnunni, bæði heimamenn og aðrir. Þar má nefna hóp heimamanna, bæði foreldra, nemenda og annarra, s.s. kennara og skólastjórnenda víðs vegar að af landinu og starfsmanna ráðuneytisins. Vinna þeirra fór fram sumarið 2003 þar sem mótaðar voru og útfærðar hugmyndir um breytta kennsluhætti og nýtingu upplýsingatækni í kennslu. Í fréttatilkynningu menntamálaráðuneytisins frá 19. desember 2003 er greint frá því að ráðherra og fulltrúar sveitarfélaganna á norðanverðu Snæfellsnesi hafi undirritað þann dag samstarfssamning um húsnæði nýs framhaldsskóla, Fjölbrautaskóla Snæfellinga, sem hæfi starfsemi haustið 2004. Í þeirri sömu fréttatilkynningu er gefin stutt lýsing á skólanum og segir að:

*Þar verða farnar nýjar leiðir við nám og kennslu því nemendum mun standa til boða að stunda fjölbreytt nám sem þó verður ekki allt kennt á staðnum heldur sem dreifnám. Skólinn er ætlaður nemendum á Snæfellsnesi sem hingað til hafa þurft að flytja að heiman til að komast í framhaldsskóla. Skólinn verður lítill á mælikvarða flestra framhaldsskóla á Íslandi því nemendafjöldi er áætlaður um 80 í upphafi og að hámarki 170 eftir 4 ár. Vegna smæðar skólans var talið æskilegt að í innra starfi verði upplýsingatækni nýtt til hins ítrasta með möguleikum dreifmenntunar svo námsframboð geti orðið fjölbreytt. Í skólanum verða ekki hefðbundnar kennslustofur en áhersla er lögð á opin rými og nokkur lítil herbergi sem ætluð eru til hópvinnu, einstaklingsvinnu og funda.<sup>9</sup>*

Samningur menntamálaráðuneytisins og sveitarfélaganna fól það í sér að sveitarfélögin stofnuðu eignarhaldsfélagið *Jeratún* um uppbyggingu 1.660 fm skólahúsnæðis við Grundargötu í Grundarfirði sem leigt yrði menntamálaráðuneytinu vegna Fjölbrautaskóla Snæfellinga.<sup>10</sup>

Í ákvörðun menntamálaráðherra um stofnun FSN var áhersla lögð á að skólinn skyldi verða leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta með nýtingu dreifnáms sem skilgreint er

<sup>8</sup> Menntamálaráðuneytið, 2003b.

<sup>9</sup> Menntamálaráðuneytið, 2003a.

<sup>10</sup> Menntamálaráðuneytið, 2003c.

sem samspil staðbundins náms og fjarnáms. Hugmyndavinna við undirbúning að stofnun FSN tók mið af þessari skilgreiningu, en einnig því að móta breytta kennsluhætti sem mæta aðstæðum og þörfum svæðisins og nýta þá möguleika sem nýjasta tækni býður upp á. Niðurstaða þessarar vinnu var að kennsluhættir skólans tækju mið af félagslegri hugsmíðahyggju.<sup>11</sup>

Hugmyndafræðin gengur út frá því að félagsleg samskipti hafi áhrif á vitsmunabroska einstaklingsins. Við vissar kringumstæður hafa félagsleg samskipti jákvæð áhrif á einstaklingsárangur. Maðurinn er samfélagsvera og nám á sér stað með samskiptum manna í mannlegu samfélagi. Þekkingin verður til þegar einstaklingurinn túlkar fyrirbærin sem á vegi hans verða og túlkunin byggist á reynslu hans og viðhorfum. Námsumhverfi í anda hugsmíðahyggju stuðlar að virkri uppbyggingu þekkingar hjá hverjum nemanda. Það þarf að vera auðugt, námshvetjandi og opið og sem líkast raunverulegu umhverfi. Þau markmið sem nemandinn setur sér sjálfur eru mikilvægust og gott námsumhverfi á að ýta undir vilja nemenda til að læra. Námið verður að skipuleggja þannig að gert sé ráð fyrir virkri þátttöku nemandans í uppbyggingu þekkingar. Þrátt fyrir að þekkingin sem til verður við nám sé einstaklingsbundin þá er litið svo á að hún verði til í félagslegu samhengi sem er hluti af þeirri menningu sem einstaklingurinn tilheyrir.<sup>12</sup>

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hóf starfsemi sína þann 30. ágúst 2004, einu og hálfu ári eftir að hin formlega ákvörðun var tekin um stofnun hans. Í athöfn sem haldin var af því tilefni sagði menntamálaráðherra m.a.:

*Skóli snýst um fólk. Um nemendur, kennara, skólastjórnendur, foreldra og það samfélag sem hann er sprottinn upp úr og á að þjóna. Í þessu tilliti stendur Fjölbrautaskóli Snæfellinga vel. Hann á sér sterkan bakhjarl í áhuga og stuðningi heimamanna og þeirra þriggja sveitarfélaga sem að honum koma. Foreldrar og nemendur hafa ekki látið sitt eftir liggja. Það skiptir miklu máli fyrir bæjarfélög á landsbyggðinni að heilu árgangarnir hverfi ekki í burtu við sextán ára aldur til að sækja framhaldsskóla ... Skóli snýst um hugmyndir, um væntingar, markmið og hugsjónir. Það er ekki komið að tómun kofanum er Fjölbrautaskóla Snæfellinga varðar. Heimamenn hafa verið opnir fyrir því að fara nýjar leiðir við skipulag skólalaldsins og átt um það gott samstarf við menntamálaráðuneytið.<sup>13</sup>*

Að mati aðstoðarskólameistara var á heildina litið vel að öllum undirbúningi staðið. Íbúar á svæðinu voru hafðir með í undirbúningsferlinu sem hafði góð áhrif. Undir

<sup>11</sup> Hrönn Pétursdóttir, 2003.

<sup>12</sup> Þuríður Jóhannsdóttir, 2006.

<sup>13</sup> Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, 2004.

Það tók rýnihópur foreldra sem sagði að góð mæting hefði verið af hálfu foreldra á kynningarfundum. Dæmi voru um að fullt hús hefði verið á fundunum. Fundað var á hverjum þéttbýlisstað en ekki ætlast til að fólk færi á milli staða. Til að gefa foreldrum möguleika á að koma álitinu á framfæri gafst þeim kostur á þátttöku í vinnuhópum sem settir voru á laggirnar til að vinna að ákveðnum þáttum.

Í viðtali við skólameistara kom fram að markvisst og vel hefði verið unnið að stofnun skólans og undirbúningi skólafarsins. Kvað hún margt hafa verið komið á lokastig þegar hún kom til starfa, en hennar hlutverk hefði verið að útfæra þá hugmyndafræði sem mótuð hafði verið. Kvaðst hún hafa fengið tækifæri til að aðlaga hana og raungera en hefði kosið að hafa haft lengri tíma fyrir það starf.

## **4.2. Húsnæði og búnaður**

Við undirbúning að stofnun Fjölbrautaskóla Snæfellinga kom fljótlega í ljós að hentugt húsnæði væri ekki fyrir hendi og ekki kæmi annað til greina en að skólinn yrði á einum stað með alla starfsemi sína. Eftir að ákvörðun lá fyrir um að byggja yfir skólann var hafist handa við að skilgreina hvers konar húsnæði skólinn þarfnaðist í ljósi þeirrar hugmyndafræði sem lögð var til grundvallar við uppbyggingu hans. Jóna Pálsdóttir<sup>14</sup> segir að fyrsta skrefið í hönnun skólabyggingar hafi verið „að skilgreina hvernig skólinn þyrfti að taka tillit til nánasta umhverfis, hvernig námið ætti að fara fram og hvernig skipulag skólans ætti að vera.“

Fyrir tilstilli menntamálaráðuneytisins var fenginn erlendur arkitekt, Susan Stuebing, sérfræðingur í hönnun skólamannvirkja. Susan stjórnaði hugmyndavinnunni og veitti arkitektum skólans, VA arkitektum, ráðgjöf varðandi frumhönnun skólahússins. Um 40 heimamenn og sérfræðingar tóku þátt í vinnunni. Fyrst var skilgreint hvaða áhrif nánasta umhverfi hefði á skólafarsseminna og hvaða kröfur það gerði og út frá því var framtíðarsýn fyrir skólann mótuð. Þá var ákvarðað hið kennslufræðilega verklag sem nauðsynlegt var talið að ríkti í skólanum. Hugmyndavinnuna önnuðust tveir vinnuhópar. Í öðrum sátu sérfræðingar í kennslu- og uppeldisfræðum ásamt fulltrúum foreldra, sveitarstjórna og menntamálaráðuneytis og í hinum voru fulltrúar varðandi nemenda við skólann. Samhliða starfi vinnuhópanna voru tekin viðtöl við skólafarsmenn, kennara og

---

<sup>14</sup> Jóna Pálsdóttir, 2005, bls. 11.

nemendur víða um landið.<sup>15</sup> Þá var gerð spurningalistakönnun meðal allra nemenda í efri bekkjum grunnskóla og framhaldsdeildum, 50 stærstu atvinnurekenda og 400 einstaklinga á aldrinum 18–67 ára. Á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu úr öllu þessu starfi var skólinn hannaður af VA arkitektum.<sup>16</sup>

Hönnunin tók mið af því að skólinn þjónaði sem best því skipulagi sem vera átti á skólustarfinu. Markmiðin sem leitast var við að ná voru þrjú:

1. Að þróa góðan skóla sem skilaði nemendum þekkingu og hæfni til að taka þátt í þekkingarsamfélaginu.
2. Að finna leið fyrir fámennan skóla, sem staðsettur er á svæði þar sem fáir framhaldsskólakennarar eru til staðar, til að bjóða upp á fjölbreytt nám sem þjónar þörfum heimasvæðisins.
3. Að finna leið til að mæta þörfum nemenda sem best með því að einstaklingsmiða námið.<sup>17</sup>

Litið er á öll hin ólíku rými í skólanum sem námssvæði þar sem ýmist geta verið nemendahópar í vinnu undir stjórn kennara, nemendur að vinna verkefni einir eða í hópum með eða án aðstoðar kennara eða nemendahópar að fylgjast með hefðbundnum fyrirlestri frá kennara sem annað hvort er á staðnum eða miðlar fyrirlestrinum í gegnum eitthvert form upplýsingatækninnar.<sup>18</sup> Niðurstaða hugmyndavinnunnar var að skipta byggingunni niður í fjögur rými sem hentuðu mismunandi starfsemi (sjá Mynd 2).

---

<sup>15</sup> Hrönn Pétursdóttir 2003.

<sup>16</sup> Sama heimild.

<sup>17</sup> Sama heimild.

<sup>18</sup> Hrönn Pétursdóttir, 2003.



**Mynd 2: Grunnflötur FSN**

Heildarstærð byggingarinnar er um 2000 m<sup>2</sup>. Stærsta rýmið, svokallað opið rými (rými I), er hugsað sem aðal lærdómsrýmið og sniðið að einstaklings- og hópavinnu. Nemendur sitja ýmist einir við tölvu eða í pörum eða hópum og vinna án eða með aðstoð kennara. Innan rýmisins eru bæði lokuð og opin svæði þar sem nemendur og kennarar geta dregið sig í hlé, t.d. til tilraunavinnu eða beinnar fræðslu kennara. Allur búnaður á svæðinu er færanlegur. Í rými II er svokallað „skapandi lærdómsrými“ sem ætlað er nemendum (ekki kennslurými) þar sem þeir vinna saman eða hver fyrir sig. Einnig er þar aðstaða fyrir nemendafélagið og afdrep fyrir þá sem vilja ræða námsefnið út af fyrir sig, lesa eða jafnvel íhuga með sjálfum sér. Rými III er margnota rými þar sem er mötuneyti skólans og aðstaða fyrir félagsviðburði nemenda. Rými IV er líkamsræktaraðstaða og rými V er ætlað stjórnun með skrifstofum skólans og vinnuástöðu kennara. Yfir helmingi opna rýmisins eru breiðar svalir sem hýsa áttu upplýsingamiðstöð með bókasafni skólans en þær eru nú nýttar að hluta til sem kennslurými en einnig sem aðstaða fyrir nemendur til náms og hvíldar auk þess sem námsráðgjafi og forvarnafulltrúi hafa þar skrifstofu sína.

Ákveðið var að ríkið byggði ekki húsnæði fyrir skólann en þess í stað stofnuðu sveitarfélögin sem standa að Fjölbrautaskóla Snæfellinga sérstakt félag, Jeratún, um að byggja skólahúsnæðið og leigja það til skólans. Samkvæmt reglum um stofnkostnað framhaldsskóla eiga sveitarfélög að greiða 40% stofnkostnaðar við byggingu framhaldsskóla en ríki 60%. Til grundvallar liggja normstærðir sem reiknaðar eru út frá áætluðum

nemendafjöldi í skólanum. Við ákvörðun um húsnæðisþörf Fjölbrautaskóla Snæfellinga var gengið út frá 170 nemenda skóla sem þýðir að gera þurfti ráð fyrir 1650m<sup>2</sup> húsnæði. Við hönnun húsnæðisins varð það heldur stærra, eða um 2000m<sup>2</sup>. Skólinn nýtir hins vegar allt húsnæðið og við það hækkar hlutur sveitarfélaga í leigukostnaði skólahússins, þ.e. þau greiða leigukostnað af því húsnæði sem er umfram viðmið. Samningurinn hefur því orðið sveitarfélögunum íþyngjandi.

Skólameistari kvað margt hafa tekist mjög vel við undirbúning þessa skóla. Góð þátttaka hafi verið frá öllum þeim sem boðin hefði verið aðild, alls konar fólki. Betra hefði þó verið að væntanlegur skólameistari hefði komið fyrr að undirbúningsferlinu. Skólameistari og verkefnisstjóri störfuðu saman í einn mánuð en skólinn hafði að miklu leyti verið hannaður þegar skólameistari var ráðinn. Kvaðst skólameistari þó hafa getað komið sínum sjónarmiðum að á lokastigi og fékk að ráða miklu um innanstokksmuni, stólakaup, borð, gárdinur o.fl. Það helsta sem skólameistari taldi vanta í skólahúsið voru fleiri lokuð rými og það sama kom fram hjá nemendum. Huga þyrfti að breytingum í þá veru. Þá væri nú þegar þrengt að vinnurými nemenda í skólanum. Allt rými væri hins vegar mjög vel nýtt. Matsalur er nýttur til lestrar en þar er ekki fullt næði. Ágæt nýting er á þreksal (íþróttasal). Ekki er hægt að hafa salinn opinn á kvöldin og um helgar fyrir almenning því þá lendir skólinn í samkeppni við einkarekstur sem ekki yrði vel séð í samfélaginu.

Að mati aðstoðarskólameistara hefur húsnæðið nýst afar vel. Kvað hann það vel hljóðeinangrað og því yfirleitt ekkert vandamál að nota svo opin rými. Nemendur hafa einnig lært að ganga um húsið og það venst strax að vinna við þessar aðstæður. Kennarar geta fylgst vel hver með öðrum og kallað eftir aðstoð eftir því sem þörf er á. Að mati nemenda geta opnu rýmin verið truflandi. Sögðu þeir mikið um að ókunnugir væru að koma á svæðin og horfa á. Það hefði truflað fyrst, en þeir væru farnir að læra á það.

Við uppbyggingu skólans var áhersla lögð á að hann væri sem best búinn tækjum er þjónuðu þeim tilgangi að skólinn gæti sinnt hlutverki sínu sem þróunarskóli einstaklingsmiðaðra kennsluhátta og breyttum náms- og kennsluháttum sem byggja á öflugri notkun upplýsingatækni. Húsgögn í skólann voru hönnuð og smíðuð með kennsluhættina í huga og bjóða upp á að auðvelt sé að raða þeim saman í stærri einingar. Skólinn er vel búinn fartölvum, þráðlausu neti, fjarfundabúnaði og nýsitækjum eins og skjávörpum. Að mati

aðstoðarskólameistara hefur gengið vel að nýta þann búnað sem skólinn hefur til umráða. Unnið er að því að endurnýja tölvubúnað smám saman og miðað við að endurnýja þriðjung af tölvum kennara á ári hverju. Þá var skólinn að fá nýja og öfluga tölvu með fjölbreyttum forritum þar sem áhersla er á margmiðlun og uppbyggingu aðstöðu til að vinna margmiðlunarefni. Aðstoðarskólameistari kvað kennara og stjórnendur reyna að vera virka í því að kynna sér nýjan hugbúnað og var m.a. farin vinnuferð í vetur til að skoða nýjan hugbúnað sem mögulegt væri að nota. Hafa kennarar fengið námskeið í notkun ýmissa forrita, m.a. slíkra sem tengjast margmiðlun, og eru að prófa sig áfram við notkunina.

Skólinn gerir ekki kröfu um að nemendur eignist tölvur heldur býður þeim upp á að fá fartölvur að láni. Reyndin er hins vegar sú að langflestir nemenda kaupa sér tölvur til námsins.

Bókakostur skólasafns er enn tiltölulega lítill og þá er aðstaða fyrir safnið ekki eins og best verður á kosið. Safninu hefur verið komið fyrir inni í stjórnunarrými í stað þess að hafa það í upplýsingamiðstöð á svölum yfir opna rýminu. Lögð er áhersla á að nýta rafrænan landsaðgang að öflugum gagnasöfnum en skortur á íslensku efni sem hentar þessum nemendahóp getur hamlað notkuninni.

### 4.3. Nemendur FSN

Við stofnun FSN var gert ráð fyrir að nemendahópur skólans kæmi af norðurhluta Snæfellsness; Stykkishólmi, Snæfellsbæ, Helgafellssveit og Grundarfirði. Gert var ráð fyrir að um 80 nemendur innrituðust á fyrsta starfsári. Var Jón Torfi Jónasson fenginn til að meta áætlaðar nemendatölur í skólanum. Í ljósi athugasemda hans gerði stýrihópurinn eftirfarandi áætlun um þróun nemendahópsins (Tafla 1)<sup>19</sup>

Tafla 1: Áætlun stýrihóps um nemendafjölda í FSN.

| Námsár         | Hlutfall árgangs | Fjöldi |
|----------------|------------------|--------|
| 1. ár          | 80%              | 54     |
| 2. ár          | 50%              | 34     |
| 3. ár          | 45%              | 31     |
| 4. ár          | 40%              | 27     |
| Eldri nemendur | 35%              | 24     |
| Nemendur alls: |                  | 170    |

<sup>19</sup> Fundargerð stýrihóps 15. ágúst 2003




Í ljósi þessarar áætlunar var gerð spá um nemendafjölda á fyrstu fimm starfsárum skólans (Tafla 2).<sup>20</sup>

**Tafla 2: Spá stýrihóps um nemendafjölda FSN fyrstu fimm starfsárin**

|      | 1. ár | 2. ár | 3. ár | 4. ár | Samtals |
|------|-------|-------|-------|-------|---------|
| 2004 | 60    | 20    |       |       | 80      |
| 2005 | 60    | 40    | 18    |       | 118     |
| 2006 | 60    | 40    | 37    | 18    | 155     |
| 2007 | 60    | 40    | 37    | 33    | 170     |
| 2008 | 60    | 40    | 37    | 33    | 170     |

Gert var ráð fyrir að fyrsta starfsárið yrðu einungis 80 nemendur á fyrsta námsári og 118 á öðru. Nemendafjöldinn myndi síðan ná 170 haustið 2007. Strax á fyrsta ári skólans varð ljóst að áætlanir stýrihópsins voru mjög varfærnar. Þó einungis sé skoðaður fjöldi ársnemenda, þ.e. þeirra sem höfðu tekið 35 einingar á ári, kemur í ljós að aðsókn var umfram væntingar (Mynd 3).



**Mynd 3: Fjöldi ársnemenda FSN, 2004–2008.**

Eins og sjá má var fjöldi ársnemenda á fyrsta starfsári skólans 102 í stað þeirra 80 sem spáð var eða um 28% fleiri nemendur. Aðsóknin var 17% umfram spár árið 2005 og 12%

<sup>20</sup> Sama heimild

meiri árið 2006. Haustið 2007 er áætlað að fjöldi ársnemenda verði 181 og 186 árið 2008 eða um 10% umfram upphaflega spá.

Þegar fjöldi virkra nemenda (sem höfðu stundatöflur) er skoðaður sýnir það sig að aðsókn er mun meiri að skólanum en áætlanir gerðu ráð fyrir (Tafla 3).

**Tafla 3: Þróun nemendafjölda FSN (Upplýsingar frá FSN).**

| <i>Önn</i>    | <i>Alls</i> | <i>Konur</i> | <i>Karlar</i> |
|---------------|-------------|--------------|---------------|
| <i>H 2004</i> | 132         | 68           | 64            |
| <i>V 2005</i> | 147         | 76           | 71            |
| <i>H 2005</i> | 234         | 131          | 103           |
| <i>V 2006</i> | 225         | 122          | 103           |
| <i>H 2006</i> | 260         | 142          | 118           |
| <i>V 2007</i> | 211         | 108          | 103           |

Á haustönn fyrsta starfsárs innrituðust 132 nemendur ýmist í fullt nám eða hlutanám og á vorönn þess skólaárs fjölgaði í skólanum um 15 nemendur. Á öðru ári varð heildarnemendafjöldi skólans 234 nemendur og haustið 2006 innrituðust 260 nemendur til náms.

Á síðustu þremur árum hafa á landinu öllu verið heldur fleiri konur en karlar í dagskóla í framhaldsskólum og hefur hlutfallið verið um 50,3% á móti 49,7%. Hluttur kvenna í FSN er heldur meiri í samanburði við landið allt og hefur farið vaxandi en að meðaltali voru þær á sama tíma um 53,3% af nemendafjölda skólans á móti 46,5% karla. Fyrsta starfsárið voru konur 51,5% af nemendafjölda skólans en karlar 48,5%. Skólaárið 2005–2006 fjölgaði konum umtalsvert umfram karla og var hluti þeirra 55,1% af heildarnemendafjölda en karla 44,9%. Skólaárið 2006–2007 hafði munurinn jafnast ör-lítið aftur en þá var hluttur kvenna 53,1% af nemendafjölda en karla 46,9%. Þessi niðurstaða er athyglisverð í ljósi þess að skv. mannfjöldatölum Hagstofu Íslands eru karlar á aldrinum 16–40 ára á skólasvæðinu líðlega 3% fleiri en konur.<sup>21</sup>

Með tilkomu FSN var ljóst að nýtt menntunartækifæri skapaðist fyrir fullorðna sem ekki höfðu átt þess kost að flytja að heiman til náms eða vildu auka þekkingu sína á tilteknu sviði. Þeir gátu nú skráð sig til náms sem óreglulegir nemendur og eins og tafla 4 sýnir þá er nokkuð stór hluti nemenda á hverri önn fæddur fyrir 1980. Einnig skapaðist nýtt tækifæri fyrir nemendur úr grunnskólum sem lokið höfðu samræmdu prófi í tiltekinni grein að geta hafið framhaldsnám í greininni í FSN þótt þeir hefðu ekki lokið

<sup>21</sup> Hagstofa Íslands, (e.d. a)

grunnskólanáminu að fullu. Frá vori 2005 hafa virkir nemendur dreifst með eftirfarandi hætti með tilliti til aldurs (Tafla 4).

**Tafla 4: Virkir nemendur FSN 2005–2007 með tilliti til aldurs.**

| <i>Fæddir</i>    | <i>V 2005</i> | <i>H 2005</i> | <i>V 2006</i> | <i>H 2006</i> | <i>V 2007</i> |
|------------------|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| <i>1947-1960</i> | 10            | 12            | 10            | 8             | 5             |
| <i>1961-1970</i> | 21            | 27            | 25            | 30            | 20            |
| <i>1971-1980</i> | 8             | 9             | 19            | 17            | 16            |
| <i>1981</i>      | 0             | 1             | 3             | 5             | 2             |
| <i>1982</i>      | 2             | 6             | 5             | 3             | 1             |
| <i>1983</i>      | 3             | 2             | 4             | 5             | 4             |
| <i>1984</i>      | 7             | 13            | 7             | 12            | 7             |
| <i>1985</i>      | 10            | 13            | 15            | 11            | 5             |
| <i>1986</i>      | 9             | 20            | 18            | 11            | 4             |
| <i>1987</i>      | 23            | 19            | 13            | 18            | 15            |
| <i>1988</i>      | 53            | 39            | 37            | 25            | 26            |
| <i>1989</i>      | 1             | 51            | 47            | 36            | 32            |
| <i>1990</i>      |               | 20            | 20            | 57            | 54            |
| <i>1991</i>      |               | 2             | 2             | 20            | 18            |
| <i>1992</i>      |               |               |               | 1             | 1             |
| <i>1993</i>      |               |               |               | 1             | 1             |
| <i>Samtals</i>   | 147           | 234           | 225           | 260           | 211           |

Í skýrslu sem unnin var árið 2006 fyrir Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi var leitað svara við þeirri spurningu hvort uppbygging framhaldsskóla á Vesturlandi hvetti ungt fólk til náms strax að loknum grunnskóla.<sup>22</sup> Niðurstaða skýrsluhöfundar, sem byggði á tölulegum upplýsingum frá Hagstofu Íslands, var sú að með tilkomu FSN hefðu fleiri nemendur sem voru að ljúka grunnskólaprófi valið að fara í framhaldsskóla strax að loknum grunnskóla. Á meðaltölunum fyrir og eftir tilkomu FSN kom í ljós að aukning varð á aðsókn í framhaldsnám í öllum aðildarsveitarfélögum skólans. Þann fyrirvara verður þó að gera á þessum upplýsingum að nemendafjöldinn sem að baki upplýsingunum stendur er ekki mikill og því munar miklu um hvern einn til eða frá. Skekkjumöguleikar eru því miklir.

Samkvæmt upplýsingum úr rýnihópum og viðtölum við skólastjórnendur og námsráðgjafa þá er aðsókn að skólanum mjög góð úr bæði Stykkishólmi og Grundarfirði en aðeins dræmari úr Snæfellsbæ. Fram kom að algengt er að nemendur þaðan fari í framhaldsnám til Reykjavíkur eða Akureyrar. Í rýnihópi nemenda kom fram að tiltölulega

<sup>22</sup> Vífill Karlsson 2006.

margir færu ekki í skóla að loknu grunnskólaprófi heldur hættu bara, einkum „Ólsarar“. Taldi hópurinn það orsakast fyrst og fremst af góðum atvinnumöguleikum en einnig af hefð í samfélaginu. Stærsti nemendahópurinn á skólasvæðinu hugsaði sér þó að fara í Fjölbrautskóla Snæfellinga. Ekki væri t.d. mikið um það að nemendur úr Stykkishólmi sæktu annað í framhaldsnám. Margir töluðu um það að fara eitthvert annað en niðurstaðan væri sú að flestir kæmu í skólann. Nemendur í rýnihópnum töldu að miklir fordómar hefðu í upphafi verið gagnvart framhaldsskóla á Snæfellsnesi. Að einhverju leyti hefði það orsakast af sveitaríg, „Hólmurum“ hefði ekki litist á að ganga í sama skóla og „Ólsarar“ gengju í og öfugt. Tilurð skólans hefði breytt viðhorfum að þessu leyti. Eftir stofnun skólans upplifa nemendur sig í ríkari mæli sem aðila að stærra samfélagi, mörk sveitarfélaganna hefðu þannig síður áhrif á samskiptin.

Lítið er um það að nemendur utan skólasvæðisins sæki í skólann. Að sögn aðstoðar-skólameistara hefur skólinn hafnað þeim sem hafa leitað eftir fjarnámi við skólann. Í viðtali við fulltrúa í skólanefnd kom fram að ekki væru áform um útrás skólans og að sækjast eftir nemendum frá öðrum skólasvæðum til náms í hann. Slíkt kallaði á heimavist eða önnur búsetuúrræði fyrir þá sem langt væru að komnir. Nemendur af öðrum skólasvæðum sem vildu koma í skólann væru þó velkomnir en þeir yrðu þá að sjá sér sjálfir fyrir búsetu. Í umsókn skólans til menntamálaráðuneytisins um leyfi til að starfrækja ferðaþjónustubraut er þó vikið að því að reynt verði að laða að brautinni nemendur alls staðar að af landinu. Að öðru leyti virðast ekki hafa verið uppi áform af hálfu skólans um að sækja nemendur út fyrir afmarkað skólasvæði sitt.<sup>23</sup> Við uppbyggingu skólans var við það miðað að skipulagður skólaakstur yrði á skólasvæðinu en ekki gert ráð fyrir heimavist. Nú hefur hins vegar komið fyrirspurn frá Vesturbyggð og Tálknafirði um það hvort möguleiki sé á að starfrækt yrði tveggja ára deild frá FSN á Patreksfirði enda hefur fengist nokkur reynsla þar af dreifmenntun. Unnið er að mótun þessa af hálfu skólans og er gert ráð fyrir því að námið hefjist haustið 2007. Gert er ráð fyrir að þeir nemendur sem innritast í það nám komi í nokkur skipti í FSN, tvo til þrjá daga í senn, en að öðru leyti verði kennslan í formi fjarnáms en deildarstjóri yrði til staðar á Patreksfirði til eftirlits og nemendum til aðstoðar. Þá greindi skólameistari frá því að

<sup>23</sup> Bréf FSN til menntamálaráðuneytis dags. 02.02.2005

sams konar fyrirspurn hefði borist frá Hólmavík en nýr vegur um Arnkötludal gæti breytt aðstæðum Hólmvíkinga til að tengjast FSN.

Að mati námsráðgjafa eru samskipti nemenda og kennara almennt góð og bera nemendur að hans mati traust til kennara. Samstaða er mikil meðal nemenda og samskipti þeirra á milli góð. Ekki væri um neina útilokun einstakra nemendahópa að ræða innan skólans. Þannig fá sérdeildarnemendur að vera með í félagsstarfi skólans og eru þeir aðstoðaðir eftir því sem þörf er á. Kennarar telja félagslíf gott innan skólans, nemendafélag er starfandi en eðlilega er ekki enn um neinar hefðir að ræða eins og í skólum sem starfað hafa í mörg ár. Góð þátttaka nemenda væri í félagslífi skólans en ákveðinn vandi væri við að skipuleggja félagslíf í ljósi þess að nemendur koma af dreifðu svæði og þurfa margir að fara á milli í bílum og skipuleggja þarf skólaakstur til þátttöku í félagslífi. Nemendafélagið sér aðallega um félagsstarf innan skólans en er ekki beinn þátttakandi í ákvarðanatöku á vegum skólans að öðru leyti en því að það hefur áheyrnarfulltrúa í skólanefnd og tvo fulltrúa í skólaráði. Íþróttaráð nemenda skipuleggur og heldur íþróttamót. Nemendur töldu íþróttastarfsemi á vegum skólans ekki góða og gagnrýndu að skólinn mæti ekki þátttöku í íþróttum á vegum íþróttafélaga til móts við íþróttakennslu í skólanum. Þyrftu þeir í hverju tilfelli að berjast hart fyrir því að fá íþróttaiðkun sína metna. Skýrar reglur um slíkt vantaði í skólann.

Í ljósi þess að nú hverfa framhaldsskólaárgangarnir ekki árlega út úr sveitarfélögum að hausti hafa sveitarfélögin hugað að æskulýðsstarfsemi hvert á sínum stað. Þannig stofnaði t.d. Stykkishólmsbær ungmennaráð til að vinna að skipulagi æskulýðsmála á staðnum. Öll íþróttafélög á Nesinu eru mjög virk og nemendur af báðum kynjum eiga möguleika á að finna sér íþróttagreinar til að stunda. Þó töldu nemendur fleiri greinar vanta; aðeins væri um að ræða körfubolta, fótbolta, blak og frjálssar íþróttir. Þjóða mætti upp á t.d. fimleika, tennis o.fl.

Að sögn aðstoðarskólameistara, bæjarstjóra Grundarfjarðar og fulltrúa í skólanefnd Fjölbrautaskóla Snæfellinga er ekki vitað til þess að samfara skólanum hafi skapast aukin æskulýðsvandamál, s.s. vegna áfengis- eða vímuefnaneyslu. Öðru hvoru komi upp sterk umræða um að það sé einhver vandi af slíku tagi. Vissulega væri hér verkefni sem sífellt þyrfti að huga að og ekki mætti gleyma. Almennt séð töldu þau þessi mál í nokkuð góðum farvegi. Ekki væri mikið um slæm fylleri á nemendum. Forvarnafulltrúi sem

ráðinn er til helminga af Rauða krossinum og sveitarfélögunum vinnur með nemendafélaginu og er mikil ánægja innan skólans með það starf. Að mati nemenda hafa engin meiriháttar vandamál komið upp á skólasvæðinu vegna óspekta eða áfengis- og vímuefnaneyslu unglinga. Þó að eitthvað sé til af slíku eru nemendur almennt rólegir og enginn vandi hefur orðið með skólasamkomur að þessu leyti. Kváðust nemendur almennt ekki þekkja mikið til þess að nemendur væru í neyslu vímuefna og engir „sölumenn dauðans“ væru á ferð í skólanum.


#### 4.4. Nám og kennsla í FSN

FSN er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla sem gefin er út af menntamálaráðuneytinu og byggir skólanámskrá á þeim grunni. Skólinn býður upp á nám á þremur brautum til stúdentsprófs (140 einingar): félagsfræðibraut, málabraut og náttúrufræðibraut, ásamt tölvunarfræðibraut (112 einingar) þar sem nemendur geta bætt við sig 28 einingum til að ljúka stúdentsprófi. Einnig eru í boði viðskiptabraut (70 einingar) og almenn braut (AB, 24 einingar) og almenn braut - fornám (AF, 24 einingar). Þá hefur skólinn til boða almennt bóknám, sem er námsbraut fyrir fullorðna nemendur sem yfirleitt taka fáa áfanga og hafa ekki gert upp við sig af hvaða braut þeir hyggjast ljúka námi. Um 60 áfanga eru í boði á hverri önn í FSN. Skólaárið 2006–2007 skiptust nemendur á námsbrautir sem hér segir (Tafla 5).

Tafla 5: Skipting nemenda FSN á námsbrautir skólaárið 2006–2007 (Tafla fengin frá FSN).

| Heiti brautar                    | H 2006 | V 2007 |
|----------------------------------|--------|--------|
| <i>10. bekkur</i>                | 20     | 18     |
| <i>Almenn braut</i>              | 41     | 36     |
| <i>Almennt bóknám</i>            | 33     | 22     |
| <i>Almenn braut fornám</i>       | 14     | 13     |
| <i>Félagsfræðibraut</i>          | 75     | 63     |
| <i>Málabraut</i>                 | 9      | 11     |
| <i>Náttúrufræðibraut</i>         | 37     | 25     |
| <i>Starfsbraut</i>               | 2      | 2      |
| <i>Tölvufræðibraut</i>           | 2      | 1      |
| <i>Viðskiptabraut</i>            | 4      | 2      |
| <i>Vélastjórnarbraut 1. stig</i> | 23     | 18     |
| <i>Samtals:</i>                  | 260    | 211    |

Eins og nærri má geta hafa ekki margir verið brautskráðir enn frá FSN en í vor má segja að fyrsti eiginlegi hópurinn hafi verið brautskráður. Þá lauk 21 nemandi námi frá skólanum. Fyrsta brautskráningin fór fram frá skólanum haustönn 2005 en þá brautskráðust fjórir nemendur. Sami fjöldi brautskráðist á vorönn 2006 og átta nemendur á haustönn 2006 (Mynd 4).



Mynd 4: Fjöldi brautskráðra frá FSN 2005–2007.

Starfið í FSN byggir á hugmyndum um opinn skóla með áherslu á einstaklingsbundið nám og verkefnavinnu og er skólinn leiðandi skóli í dreifmennt og upplýsingatækni. Skólastarfið og húsnæðið hefur frá upphafi verið unnið út frá þeim markmiðum að þróa og efla starfið á þessum sviðum. Dreifmennt hefur verið þróuð við skólann á þann hátt að dregið er úr fjölda staðbundinna kennslustunda með beinni samveru nemenda og kennara og lítið er um formlega kennslu á fyrirlestrarformi. Fáir fastir tímar eru í stundatöflu en boðið upp á þeim mun fleiri verkefnatíma og tæknin nýtt til samskipta og samvinnu, við skipulag og lausn verkefna. Áhersla er lögð á að nemendur hafi greiðan aðgang að kennara með aðstoð tækninnar. Öflugt umsjónarkerfi er undirliggjandi í öllu starfi skólans.

Í dreifmennt skiptir gott skipulag og góður stuðningur kennara miklu máli og í FSN er lögð áhersla á ítarlegar námsáætlanir sem eru aðgengilegar rafrænt, góða endurgjöf, s.s. í gegnum kennslukerfi skólans (*Angel*), og símat þar sem tæknin er oft nýtt, t.d. með

vikulegum rafrænum æfingum. Áhersla er lögð á að matið sé byggt á símati frekar en lokaprófum en símatið getur falist í smærri og stærri verkefnum ásamt hefðbundnum prófum. Skólaárið skiptist í tvær annir eins og lög gera ráð fyrir, þ.e. haust- og vorönn, og er hvor önn skipulögð sem tvær sjö vikna lotur sem enda með því að nemendur fá í hendur námsmat.

Á hverri önn koma tveir til þrír gestakennarar að kennslu við skólann en það eru kennarar sem kenna áfanga við skólann en búa fjarri honum. Þeir koma í skólann tvisvar til fjórum sinnum á önn til að vinna með nemendum. Gert er ráð fyrir að gestakennari komi í upphafi annar og síðan á mánaðarfresti en þess á milli fer kennslan fram í kennslukerfi skólans. Til að auka á fjölbreytileika í námsvali er nemendum einnig boðið að taka áfanga í fjarnámi við aðra skóla og þá sérstaklega Verkmenntaskólann á Akureyri (VMA) og Fjölbrautskólann við Ármúla (FÁ) og greiðir skólinn kostnað við þetta nám, en 6–7% nemenda hafa nýtt þennan kost á hverjum tíma. Að mati nemenda er úr nógu að velja fyrir nemendur FSN. Sögðu þeir jafnframt gestakennslu leysa mikinn vanda. Svólítill vandræði geta hlotist af því fyrir nemanda að missa áfanga því það getur tafið hann og raskað námsáætlun hans um heilt ár að bíða eftir því að áfanginn sé boðinn að nýju en gera má ráð fyrir að þetta sé vandamál víðar í framhaldsskólum landsins.

Lögð er áhersla á heildstæðan vinnudag þar sem grunnurinn er verkefnavinna nemenda en ekki tímasókn. Nemendur sækja skipulagða tíma, sem eru klukkustundar langir, og er skylda að mæta í þá. Þeir eru flestir haldnir í opnum rýmum þar sem nemendur vinna ýmist í hópum eða einir undir handleiðslu kennara. Einnig eru opnir tímar í töflu, verkefnatímar, þar sem nemendur vinna að verkefnum og aðgangur að kennurum er greiður. Svo tekið sé dæmi þá er algengt að þriggja eininga áfangi sé með tvær fastar kennslustundir í viku og tvo verkefnatíma en ef fastar kennslustundir í áfanga eru þrjár þá er einn verkefnatími á mótí. Nemendur hafa nokkuð frjálst val um hvenær þeir sækja verkefnatíma, þ.e. þeir geta sótt aðra verkefnatíma hjá sama kennara og einnig geta þeir sótt fleiri verkefnatíma ef þeir óska þess. Verði kennari þess var að nemandi slái slöku við getur hann skyldað hann til að mæta í verkefnatíma.

Á mynd 5 má sjá dæmi um stundatöflu nemanda sem er í 19 einingum en taflan sýnir eingöngu fasta kennslutíma í hverjum áfanga. Til viðbótar koma síðan álíka margir



verkefnatímar. Sjá má að á þriðjudögum er nemandinn í tveimur áföngum samtímis (árekstur) sem leystur er í samstarfi við viðkomandi nemanda.

| DAG - 20071 Fjöldi tíma í töflu: 16 |                |                                |                |             |             | Bókalisti |
|-------------------------------------|----------------|--------------------------------|----------------|-------------|-------------|-----------|
| Mánudagur                           | Þriðjudagur    | Miðvikudagur                   | Fimmtudagur    | Föstudagur  |             |           |
| Tími                                | 30.04.2007     | 01.05.2007                     | 02.05.2007     | 03.05.2007  | 04.05.2007  |           |
| 08:30                               | 08:30-09:30    | 08:30-09:30                    | 08:30-09:30    | 08:30-09:30 | 08:30-09:30 |           |
| -                                   | STÆein6 (3)    | FÉL1036 (2)                    | DAN2026 (1)    | MMI1036 (1) | FÉL1036 (2) |           |
| 09:30                               | PG, UNA K6, K6 | HLH K4                         | VOE K4         | SG UPP3     | HLH UPP2    |           |
| 09:40                               | 09:40-10:40    | 09:40-10:40                    | 09:40-10:40    |             |             |           |
| -                                   | DAN2026 (1)    | UMS100 (1)                     | STÆein6 (3)    |             |             |           |
| 10:40                               | VOE K4         | BA K3                          | PG, UNA K6, K6 |             |             |           |
| 10:45                               |                | 10:45-11:45                    |                |             |             |           |
| -                                   |                | MMI1036 (1)                    |                |             |             |           |
| 11:45                               |                | SG UPP3                        |                |             |             |           |
| 12:15                               |                | 12:15-13:15                    |                | 12:15-13:15 |             |           |
| -                                   |                | ENS3036 (1)                    |                | ENS3036 (1) |             |           |
| 13:15                               |                | JVS K3                         |                | JVS K3      |             |           |
| 13:20                               |                | 13:20-14:20                    |                | 13:20-14:20 |             |           |
| -                                   |                | SNÆ2024 (1)                    |                | ÍSL2036 (1) |             |           |
| 14:20                               |                | BA, HH, HLH, SG R1, R1, R1, R1 |                | BA K3       |             |           |
| 14:30                               | 14:30-15:30    | 14:30-15:30                    | 14:30-15:30    |             |             |           |
| -                                   | ÍSL2036 (1)    | SNÆ2024 (1)                    | STÆein6 (3)    |             |             |           |
| 15:30                               | BA K4          | BA, HH, HLH, SG R1, R1, R1, R1 | PG, UNA K6, K6 |             |             |           |

**Mynd 5. Dæmi um fasta tíma í töflu nemanda með 19 einingar.  
Fengið úr Innu með leyfi skólameistara.**

*Angel*, kennsluumsjónarkerfið, er markvisst nýtt í skólastarfinu enda býður það upp á marga áhugaverða kosti, s.s. til samskipta og dreifingar á efni, og gefur möguleika á að fylgjast með vinnu nemenda. Kennarar setja inn kennsluáætlanir fyrir önnina með námsmarkmiðum, auk vikuáætlana, leggja fyrir verkefni, rafræn próf og kannanir. Nemendur taka sjálfvirk próf í kerfinu, skila þangað inn verkefnum og kennarinn fer yfir og skilar einkunnum þar þannig að nemendur geta fylgst með framvindu sinni jafnt og þétt. Kennari getur fylgst með virkni nemenda í kerfinu, t.d. notkun og frammistöðu, og foreldrar geta fylgst með framgangi barna sinna undir 18 ára aldri bæði í *Angel* og í Innu. Inna er upplýsingakerfi fyrir framhaldsskóla þar sem nemendur finna m.a. stundatöflu sína og upplýsingar um námsferil sinn.

Góðir samskiptamöguleikar eru í boði innan *Angel*, s.s. tölvupóstur og spjallborð, og hægt er að stofna eigin hópa innan kerfisins. Talsverð samskipti fara fram á umræðuþráðum og með tölvupósti í kerfinu. Fyrir kennara felst mikil hagræðing í því að nota kennslukerfi eins og *Angel* og eru ummæli eins kennara FSN í *Stykkishólmspóstinum* í desember 2006 lýsandi fyrir viðhorf þeirra: „Ég upplifi þetta vinnulag sem kennari sem

*frábæra vinnuhagræðingu. Þetta er gott aðhald, hægt er að nýta gögn milli anna, breyta og bæta, án nokkurs ljósritunarkostnaðar.“* Í samtölum við nemendur og kennara kom einnig fram að þó að Angel bjóði upp á ýmsar leiðir til samskipta þá er MSN mest nýtt dags daglega til samskipta milli nemenda og kennara. Nemendur eru vanir að nota MSN sín á milli og finnst eðlilegt að nýta það einnig til samskipta við kennara og samnemendur enda má segja að MSN sé orðið öflugasta samskiptaform ungs fólks í dag og óþarfi að taka upp annað kerfi. Nemendur hafa því greiðan aðgang að kennurum hvort sem þeir sækja fasta kennslutíma, sitja verkefnatíma eða eru að vinna sjálfstætt


Mikil áhersla er á verkefnavinnu nemenda og er reynt að hanna verkefnin þannig að þau virki nemendur og hægt sé að vinna þau að einhverju eða öllu leyti rafrænt. Eins og áður segir fer námsmat fram tvisvar á önn. Veitir það bæði nemendum og kennurum upplýsingar um námslega stöðu nemenda. Þetta gefur tækifæri til að veita sérhverjum nemanda mjög persónulega þjónustu þar sem hægt er að grípa inn í ef ekki gengur vel en einnig geta nemendur farið hraðar yfir ef þeir óska þess.

Skólahúsnæðið er skipulagt með mismunandi rýmum þar sem áherslan er á opið umhverfi. Hlutar þessara rýma geta verið háværir en hlutar þess hljóðlátir og allt þar á milli þannig að hver og einn getur valið umhverfi við sitt hæfi. Mest öll kennslan fer fram í opnum kennslurýmum þar sem mörgum hópum er kennt samtímis og leggja slíkar aðstæður þá skyldu á nemendur og kennara að taka tillit til allra á svæðinu hvort sem þeir tilheyra sama hópi/áfanga eða ekki. Þessi nánd skapar möguleika á samvinnu og samskiptum nemenda á milli þar sem þeir geta aðstoðað hver annan þótt þeir séu ekki endilega að vinna í sama námsefni. Nemendur eru vanir því að gengið sé um kennslusvæðin og eru ekki feimnir við að biðja hvern sem er um aðstoð við verkefnin, jafnvel gesti. Opið kennslurými eykur einnig samvinnu kennara þar sem þeir geta aðstoðað við kennslu hver hjá öðrum og fengið nýjar hugmyndir með því að fylgjast með öðrum. Í skólanum eru einungis tvær hefðbundnar kennslustofur, önnur stærri þar sem gert er ráð fyrir raungreinakennslu með aðstöðu til tilrauna, en hin minni þar sem fámennir hópar geta unnið ef þeir þurfa sérstaklega hljóðlát rými. Raungreinastofan nýtist einnig ef aðrir kennarar vilja vera með hefðbundna fyrirlestra eða aðra kennslu sem krefst hljóðláts umhverfis.

Þreksalur (íþróttasalur) er í skólanum þar sem hver nemandi stundar líkamsrækt að lágmarki 19 sinnum á önn undir stjórn íþróttakennara en einnig býðst nemendum að fara út að hlaupa eða stunda blak eða aðrar íþróttir í íþróttasal grunnskólans. Fram kom í máli skólameistara að nemendum þætti leiðgjarn að vera eingöngu í þreksal skólans.

Umsjónarkerfi skólans byggist á því að hver kennari er með um tíu nema í umsjón tvö fyrstu árin og hittir þá vikulega. Ekki er umsjónarkennsla fyrir nemendur á þriðja og fjórða ári með sama hætti. Einn kennari ber nafnið „Erkiumsjónarkennari“ og er hans hlutverk að fylgjast sérstaklega með ástundun allra nemenda og geta kennarar leitað til hans ef þeir hafa áhyggjur af einhverjum nemanda. „Erkiumsjónarkennari“ vinnur náið með kennurum, námsráðgjafa, stjórnendum skólans og foreldrum við að leysa mál þeirra nemenda sem ekki sinna náminu sem skyldi.

Gerð hefur verið tilraun frá hausti 2006 til að brjóta upp skipulag kennslu í stærðfræði í fyrstu sex einingunum þar sem hver eining er tekin fyrir sig í stað þess að ljúka tveimur til þremur einingum í einu. Þannig ljúka nemendur einni einingu í einu og geta þannig tekið eina, tvær eða þrjár einingar á önn allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Við samanburð á árangri milli 2005 og 2007 kom í ljós að hlutfall þeirra sem náðu ekki áfanganum fór úr 50% haustið 2005 niður í 18% haustið 2006 en vorið 2007 hækkaði hlutfallið aftur og var 23,8% (Mynd 6).



Mynd 6: Samanburður á árangri í fyrstu 6 einingunum í stærðfræði 2005–2007.

Þetta fyrirkomulag hefur haft það í för með sér að nemendur ljúka færri einingum á önn í stærðfræði en áður, þ.e. í stað 1,54 eininga sem nemendur luku að meðaltali haustið 2005 var meðaltalið 0,96 haustið 2006. Við þessu var brugðist og reynt að skapa aukna hvatningu í kerfinu sem aukið gæti fjölda lokinna eininga á nemanda. Þessa sér þó ekki stað ennþá því einingunum hefur einungis fjölgað í 1,01 einingar á nemanda vorið 2007. Á hinn bóginn virðist meðaleinkunn í stærðfræði hafa hækkað nokkuð á þessu tímabili.

Á hverri önn taka nokkrir nemendur úr grunnskólum á Snæfellsnesi, sem fengið hafa leyfi til að ljúka einstöku samræmdum prófum í 9. bekk, námsáfangi í viðkomandi námsgrein í FSN. Einnig hafa nokkrir nemendur innritast í skólann sem reglulegir framhaldsnemendur beint eftir 9. bekk enda hafa þeir þá lokið öllum prófum grunnskólans og staðist inntökuskilyrði framhaldsskólans. Nemendur sem aðeins innritast í einstaka áfangi hafa ekki aðgang að félagslífi nemenda í FSN enda teljast þeir enn nemendur grunnskólans. Þeir sem koma í fullt nám eftir 9. bekk og hafa verið útskrifaðir úr grunnskóla teljast fullgildir nemendur í skólanum með viðeigandi réttindum og skyldum. Þetta hefur skapað vissa óánægju meðal elstu nemenda grunnskólanna og nemenda í FSN því mikil ásókn nemenda úr 10. bekk er á skemmtanir skólans.

Í skólanum er áhersla lögð á fjölbreytt námsframboð með kennsluaðferðum dreifmenntunar þar sem upplýsingatæknin er nýtt markvisst, m.a. með aðstoð kennslukerfis skólans. Vélstjóranám er sérverkefni í samvinnu við Fjöltækniskóla Íslands (FTÍ), Símenntunarstöð Vesturlands og vélsmiðjur á Snæfellsnesi og eru flestir kennararnir sem kenna á námsbrautinni frá FTÍ. Námið hófst á vorönn 2006 og var skipulagt í lotum hálfsmánaðarlega, frá fimmtudagskvöldi til laugardags og var kennt í Grundarfirði. Á vorönn 2007 var skipulagi breytt og voru allar lotur haldnar um helgar (föstudag – sunnudags) í FTÍ, enda tóku nemendur þá verklegu vélstjórnaráfangana. Í maí 2007 luku 13 nemendur námi af vélstjórnarbraut 1. stigs (VV1) og fjórir til viðbótar munu ljúka námi haustið 2007. Fyrirhugað er að halda þessu samstarfi áfram og bjóða jafnvel upp á 2. stig í haust ef næg þátttaka fæst.

Fram kom í máli stjórnenda og námsráðgjafa að æskilegt væri að bjóða upp á fjölbreyttari valkosti fyrir nemendur sem hafa áhuga á starfstengdu námi og iðnnámi en erfitt er að bjóða upp á námsleiðir sem fáir sækja í. Sífellt er verið að skoða hvernig hægt sé að nýta nýjar leiðir, t.d. fjarnám og dreifmennt, til að bjóða nemendum að ljúka einum til

tveimur árum af starfsnámi/iðnnámi við skólann. Á móti kemur að í flestu iðnnámi er mikið af sérgreindum áföngum tengdum faginu, en tiltölulega fáir áfangar sem eru sameiginlegir öðru námi og því erfitt um vik að halda úti námi af þessu tagi fyrir fámennan nemendahóp. Nemendur verða því að sækja annað ef þeir hafa áhuga á starfsnámi/iðnnámi.

Á þessu ári hefst metnaðarfullt fjögurra ára samvinnuverkefni milli FSN og Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps þar sem sett verður á stofn framhaldsskóladeild á Patreksfirði. Landfræðileg lega skólans og kennsluhættir eru grunnurinn að þessu samstarfi en þörf er fyrir nám á framhaldsskólastigi fyrir ungmenni á þessu svæði. Gert er ráð fyrir að FSN starfræki, í samvinnu við sveitarfélögin og ríkið, tveggja ára framhaldsdeild í 116 fm húsnæði sem var ónotað við grunnskóla bæjarins. Hefur húsnæðið verið innréttað í sama stíl og húsnæði FSN í Grundarfirði. Ráðinn hefur verið deildarstjóri á staðnum sem er fyrrum kennari við FSN og því kunnugur skipulagi og kennsluháttum skólans. Skipulag námsins verður þannig að nemendur koma í FSN í upphafi annar og síðan mánaðarlega og dvelja þar í nokkra daga. Þess á milli vinna þeir í umsjón deildarstjóra starfstöðvarinnar á Patreksfirði undir leiðsögn kennara FSN og í samvinnu við nemendur FSN. Áhersla verður lögð á að nýta upplýsingatæknina til samskipta og samvinnu og reynt verður að skapa hvetjandi andrúmsloft fyrir nemendur þannig að þeir upplifi sig sem hluta af nemendahópi FSN.

Þessi tilraun hefur vakið athygli og hafa Hólmvíkingar sýnt áhuga á að fara svipaða leið þar sem brottfall nemenda þaðan úr framhaldsnámi er vandamál, en það verkefni er enn á undirbúningsstigi.

Í heild má segja að námið í FSN sé verkefnaðið dreifnám þar sem upplýsingatæknin er nýtt til hins ítrasta, sérstaklega til samskipta og til að auka fjölbreytni í námsframboði. Kennarar lögðu áherslu á að kennsluaðferðir í skólanum ykju samvirkni innan kennarahópsins og meðal þeirra skapaðist meiri ábyrgð á að miðla hver öðrum. Þeir eru aldrei einir og geta auðveldlega gefið hver öðrum upplýsingar. Þeir sjá hvað aðrir eru að gera og læra hver af öðrum. Einnig töldu þeir að þetta form stuðlaði að miklu opnari samskiptum á milli kennara og nemenda þar sem nemendur geta þess vegna snúið sér til hvers sem er og eru vanir því að gengið sé um kennslusvæðin og láta það ekki trufla sig við námið.

#### 4.5. Innra gæðakerfi

Hér verða rakin helstu atriði í innra gæðakerfi skólans og er þar að hluta til stuðst við vef hans, [www.fsn.is](http://www.fsn.is), sem er mjög efnismikill og aðgengilegur.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996 ber skólum að stunda sjálfsmat og eru sjálfsmatsaðferðir framhaldsskóla teknar út af menntamálaráðuneytinu á fimm ára fresti. FSN er ungur skóli þar sem aðferðir til sjálfsmats eru enn í mótun en formlengt sjálfsmat hefur ekki enn farið fram og sjálfsmatsskýrsla ekki verið gefin út. Sigurlína Davíðsdóttir og Oddný Harðardóttir hafa aðstoðað við að þróa aðferðir til sjálfsmats við skólann og hefur verið gengið frá sjálfsmatsáætlun fyrir tímabilið 2006–2009. Einstök matsverkefni hafa verið unnin, t.d. í formi kannana eða úttekta, þótt ekki hafi verið gengið frá matsskýrslum þar að lútandi. Þá hefur skólinn sinnt skipulagðri upplýsingaöflun og gert gögn varðandi einstaka þætti í starfsemi skólans.

Skólanámskrá FSN er birt á vef skólans og tekur mið af aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla sem gefin var út af menntamálaráðuneytinu árið 2004 með síðari endurskoðunum og viðbótum (sjá <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefifid-fni/namskrar//nr/3954>). Í skólanámskránni er lýsing á námsbrautum skólans undir valmöguleikanum *Námsframboð* og samkvæmt henni eru 69 áfangar í boði. Áfangalýsingar er að finna bæði undir *Áfangar í skólnámskrá* og *Áfangar í boði* en undir því síðarnefnda er að finna ítarlega lýsingu á flestum áföngum, m.a. áfangamarkmið, efnisatriði og námsmat. Við upphaf kennslu fá nemendur kennsluáætlun frá kennara þar sem tilgreind eru námsmarkmið viðkomandi námsáfanga, námsgögn, áætluð yfirferð, námsmat og reglur um framkvæmd þess, s.s. vægi tiltekinna þátta, verkefna, ritgerða og munnlegs prófs í lokaeinkunn. Í skólanámskrá FSN kemur fram að til að standast próf í áfanga gilda reglur sem settar eru í aðalnámskrá framhaldsskóla. Áhersla er lögð á notkun upplýsingatækni í skólastarfinu en ekki er gerð ítarleg grein fyrir því í skólanámskrá hvað við er átt og þá vantar einnig lýsingu á því hvað í dreifmennt felst.

Á vef skólans undir *Skólareglur* er að finna skólasóknarreglur þar sem fram kemur að nemendum ber að sækja allar fastar kennslustundir og skila verkefnum á réttum tíma. Einnig eru þar umgengnisreglur og tölvureglur. Undir *Nám og kennsla* er m.a. að finna leiðbeiningar og reglur um innritun og inntöku, mat úr öðrum skólum og reglur um námsframvindu. Stefnu skólans er að finna á vef hans undir *Um skólann* en skólinn hefur

sett fram umhverfisstefnu, forvarnastefnu og jafnréttisstefnu, fyrir utan stefnu í almennu skólastarfi.

Skólinn er í nánú samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSU), Fjölbrautaskóla Vesturlands (FVA) og Fjölbrautaskóla Suðurnesja (FS). Skólarnir lögðu í október 2006 sameiginlega könnun fyrir nemendur sína. Þar kom m.a. fram að yfir 90% nemenda í FSN voru mjög sammála eða frekar sammála því að þeim liði vel í skólanum. Skólarnir lögðu einnig fyrir sameiginlega könnun fyrir starfsmenn í nóvember 2006, þar sem könnuð var líðan þeirra í starfi. Þar kom fram m.a. að yfir 80% kennara við FSN voru mjög ánægð(ir) í starfi og um 90% töldu vinnuástöðu sína frekar eða mjög góða. Þá hefur skólameistari gert lauslegan samanburð á einkunum nemenda í FSN og FS í völdum áföngum og leiddi sá samanburður í ljós að námsárangur var mjög sambærilegur.


Vel er fylgst með námsframvindu nemenda með símati og auðveldar kennslukerfið vinnu við að hafa yfirsýn yfir verkefnaskil hvers og eins. Lotubundið nám býður einnig upp á gott aðhald og eftirfylgni þar sem formlegt mat fer fram eftir hverja sjö vikna lotu. Nemendur á fyrsta og öðru ári hafa umsjónarkennara sem fylgist með verkefnaskilum og námsárangri og eru einungis 10 nemendur í hverjum umsjónarhóp. Umsjónarkennsla er með öðrum hætti fyrir nemendur á þriðja og fjórða ári þar sem kennarar geta komið upplýsingum um nemendur sem ekki fylgja skipulagi námsins til „Erkiumsjónarkennara“. Við skólann starfar einnig námsráðgjafi sem vinnur náið með kennurum og stjórnendum og ekki síður með nemendum og foreldrum.

Eins og fram hefur komið þá er skólinn ungur og fámennur og boðleiðir eru stuttar. Áhersla hefur verið lögð á að þróa sjálfsmatsaðferðir og nýta þær til umbóta og til að efla árangur. Kannanir fyrir nemendur og kennara eru tíðar en hafa verður í huga að niðurstöður úr litlum könnunum þar sem svarendur eru fáir geta verið auðrekjanlegar og því viðkvæmar og skekkjumöguleikar miklir. Fram kom í máli skólameistara að gæta þarf mikillar varúðar þegar niðurstöður slíkra kannana eru kynntar opinberlega.

Viðhorfskönnun hefur verið lögð fyrir nemendur á hverri önn frá hausti 2004. Í könnun á haustönn 2006 kom m.a. fram að yfir 70% nemenda líkaði vel eða mjög vel við það kennslufyrirkomulag að hafa blöndu af föstum tímum (skyldutímum) og verkefnatímum. Fyrirhugað er að gera könnun meðal fyrirtækja á Snæfellsnesi og afla upplýsinga

um menntunarbörf með það í huga að þróa iðn- og starfsnám við skólann. Einnig er fyrirhugað að kanna hug foreldra til skólans.

Eins og við aðra framhaldsskóla vegnar nemendum misvel í námi og veldur brottfall alltaf áhyggjum stjórnenda, námsráðgjafa, kennara, nemenda og foreldra. Þrátt fyrir gott aðhald kennara, umsjónarkennara, „Erkiumsjónarkennara“, námsráðgjafa, og skólastjórnenda í FSN þá skila 7–12% nemenda sem skráðir eru í einhvern námsáfangna í skólann sér ekki til prófs í lok annar (Mynd 7).



Mynd 7: Brottfall innan annar í FSN árin 2004–2007

Á mynd 7 má sjá að brottfall, eins og það er skilgreint af skólameistara, er alltaf meira á vorönn en haustönn. Brottfallstölur virðast nokkuð jafnar en á vorönn 2006 er brottfallið mest. Ekki er vitað hvað því veldur. Einnig er rétt að nefna að í tölum skólameistara er brottfallið einungis skoðað innan hveftrar annar og ekki tekið tillit til þess hvort nemandinn skili sér til áframhaldandi náms á næstu önn. Ef brottfall í FSN er hins vegar skoðað í ljósi skilgreininga Hagstofu Íslands verða brottfallstölur í FSN umtalsvert hærri eða 27,3% frá hausti 2004 til hausts 2005. Þá eru taldir saman nemendur skráðir í nemendaskrá Hagstofunnar um miðjan október 2004 og þeir bornir saman við skráða nemendur í öllum skólum innanlands um miðjan október 2005 í nemendaskrá Hagstofunnar. Þeir nemendur sem hvorki hafa útskrifast skv. prófaskrá stofnunarinnar á þessu tímabili né koma fram í nemendaskrá hennar haustið 2005 teljast vera brottfallnir. Til samanburðar við FSN er meðalbrottfall á landsvísi skv. upplýsingum Hagstofunnar



16,4% meðal dagskólanemenda og er hlutur karla umtalsvert hærri en kvenna eða 18,2% á móti 14,6%. Sé brottfallið skoðað með tilliti til bóknáms og starfsnáms á landsvísu kemur í ljós að meðalbrottfall er mun meira úr starfsnámi eða 22% á móti 13,2%. Það skal þó undirstrikað að hér er um samanburð að ræða á dagskólum og dreifnámsskóla í tilfelli FSN og hann því e.t.v. ekki fyllilega réttlátur.

Segja má að við FSN sé innra gæðakerfi í mótun og lögð áhersla á að það sé umbótamiðað og skili betri árangri í skólastarfi. Í máli skólastjórnenda kom fram að unnið er að þróun gæðamats en mikilvægt er að niðurstöður þess séu gerðar aðgengilegar í árlegri sjálfsmatsskýrslu.

#### **4.6. Stjórnun og rekstur**

Skólameistari FSN er Guðbjörg Aðalbergsdóttir og hefur hún starfað við skólann frá stofnun hans. Eins og fram hefur komið þá var hún ráðin við skólann áður en hann hóf formlega störf, eða 1. janúar 2004, og kom hún því að undirbúningi skólastarfsins. Starfaði hún í einn mánuð í samvinnu við starfsfólk ráðuneytisins og Hrönn Pétursdóttur verkefnisstjóra. Aðstoðarskólameistari, Pétur Ingi Guðmundsson, var ráðinn 1. apríl 2004 og kom þá til samstarfs við skólameistara.

Óhætt er að segja að smæð skólans og kennsluáferðir stuðli að opnum og greiðum samskiptum, samheldni starfsmanna og nemenda og góðum tengslum við samfélagið á Snæfellsnesi. Fámennið í skólanum skapar möguleika á mikilli nánd og stuttum boðleiðum. Engir millistjórnendur (deildarstjórar eða áfangastjórar) eru við skólann annar en skrifstofustjóri/fjármálastjóri. Flest verkefni, sem millistjórnendur vinna í öðrum skólum, eru á herðum skólameistara og aðstoðarskólameistara og eru oft unnin að hluta til í samstarfi við kennara á kennarafundum sem haldnir eru vikulega. Kennarar leggja áherslu á mikilvægi þess að hittast reglulega til að ræða málin og telja að mjög gott upplýsingaflæði sé á milli kennara, stjórnenda og nemenda.

Skólanefnd er skipuð skv. lögum um framhaldsskóla og má finna fundargerðir hennar á heimasíðu skólans. Við skólann starfar einnig skólaráð sem skipað er skólameistara, aðstoðarskólameistara, tveimur fulltrúum kennara og tveimur fulltrúum nemenda. Ekki eru gefnar upplýsingar um hlutverk ráðsins á heimasíðu skólans. Þátttaka nemenda í slíku ráði virðist ekki vel kynnt nemendum sjálfum því í rýnihópi kom fram

að þeir töldu sig ekki þátttakendur í mótun stefnu skólans eða stjórnun. Sögðu þeir húsfund haldinn tvisvar á ári þar sem nemendum væri boðið að tjá sig um ýmislegt í starfi skólans. Fundunum væri ekki nógu vel stýrt því þeir sem reyndu að tjá sig væru hrópaðir niður. Það vantaði aga á slíka fundi. Kennarinn sem stýrði lokaði á nemendur og þeir fengu ekki að koma skoðunum eða fyrirspurnum á framfæri. Mikilvægt væri að stýra þessum fundum betur til að skoðanir allra kæmu fram. Engu að síður töldu nemendur sig eiga auðvelt með að koma skoðunum sínum á framfæri beint við kennara og stjórnendur þó sameiginlegir fundir hefðu ekki skilað tilætluðum árangri.

Menntunarstig kennara er allgott við skólann. Flestir kennaranna á vorönn 2007 höfðu lokið bakkalár-prófi á einu eða öðru sviði og fimm höfðu meistaragráðu. Flestir höfðu leyfisbréf til kennslu á framhaldsskólastigi. Aðeins þrjú stöðugildi voru mönnuð leiðbeinendum en þeir höfðu allir lokið bakkalár-gráðu og tveir þeirra voru í kennsluréttindanámi. Alls eru við skólann 23 kennarar í 19 stöðugildum, þar með talinn einn í fæðingarorlofi og gestakennarar. Ellefu eru í fullri stöðu en 12 í 25–70% stöðuhlutfalli.

Mikil áhersla er á samvinnu kennara innbyrðis og samvinnu við stjórnendur með vikulegum kennarafundum. Við nýráðningar kennara er þeim gert ljóst eftir hvaða hugmyndafræði skólinn starfar. Áður en skólinn hóf starfsemi sína fóru allir kennarar á tvö fimm daga námskeið, þar sem þeir hlutu þjálfun í nýjum aðferðum í kennsluháttum. Kennarar hafa síðan fengið fjölmörg tækifæri til endurmenntunar með bæði stuttum og löngum námskeiðum og námsferðum bæði innanlands og utan auk þess sem alltaf er einhver endurmenntun í boði af hálfu skólans bæði á haust- og vorönn. Sem dæmi má nefna að kennarar fóru á Bett-ráðstefnu (kynning á nýjustu tölvu- og upplýsingatækni til kennslu) í Bretlandi og á ráðstefnu um *Angel* námskerfið í Bandaríkjunum og nú í vor var tveggja daga námskeið um námsefnisgerð. Kennarar fá tækifæri til að fara og miðla öðrum af reynslu sinni á ráðstefnum og fundum, en í máli þeirra kom fram að þeir vildu gjarnan fá meiri umræðu meðal framhaldsskólakennara í landinu til að miðla og til að fylgjast með hvað aðrir eru að gera.

Ekki er foreldrafélag við skólann en rætt hefur verið um að stofna slíkt félag. Lögð er áhersla á að halda kynningarfundum fyrir foreldra tilvonandi nýnema á meðan þeir eru í 9. og 10. bekk og einnig eftir að þeir hefja nám í skólanum. Í máli foreldra kom fram að

Þeir töldu sig vera í góðu sambandi við skólann og aðra foreldra. Smæð skólans og opnar kennsluaðferðir stuðli að opnum og greiðum samskiptum en formlegt samstarf gæti aukið enn á samskipti foreldra og skólans.

Skólasamningur hefur verið gerður við menntamálaráðuneytið fyrir árin 2006–2008 í samræmi við stefnu og ákvörðun ríkisstjórnarinnar um árangursstjórnun í ríkistofnunum frá 11. nóvember 1997. Í samningnum kemur m.a. fram hlutverk skólans, skipulag, markmið, námsframboð, sérverkefni, sjálfsmat, eftirfylgni og upplýsingatækni. Í samningnum staðfestir menntamálaráðuneytið starfrækslu 8 námsbrauta við skólann, þ.e. almennrar námsbrautar, félagsfræðabrautar, málabrautar, náttúrufræðibrautar, starfsbrautar 1 og 2, starfsbrautar 3 og 4, tölvufræðibrautar og viðskiptabrautar. Einnig er fjallað um rekstur, húsnæði, starfsmannamál, fundi, samskipti, upplýsingastreymi og gerð ársskýrslu. Í skólasamningnum eru upptalin sérverkefni FSN sem eru eftirfarandi:

- Skólinn er þróunarskóli á sviði breyttra kennsluhátta og nýtingar upplýsingatækni í skólastarfi.
- Sérkennsla
- Vélavardanám (VV1 – vélstjórnarbraut 1. stigs) í samvinnu við Fjöltækniskóla Íslands, Símenntunarmiðstöð Vesturlands og vélsmiðjur á Snæfellsnesi.<sup>24</sup>

Í samningnum segir að fjárveitingar til framangreindra verkefna, verði um þær að ræða á fjárlögum, séu tilgreindar í árlegum heimildum skólans og að rekstraráætlun skólans taki til þeirra eins og annarrar starfsemi skólans. Fram kemur að: „Menntamálaráðuneytið skipuleggur þróunarverkefni á vettvangi dreifmenntunar og upplýsingatækni í samráði við skólann eða skv. útboði.“<sup>25</sup>

Ekki er fjallað um skólaakstur í skólasamningnum en fram kom í máli stjórnenda og kennara að skipulag á skólakstri sé flókið og geti verið erfitt, t.d. í tengslum við félagslíf, og misjafnt sé hvernig nýtingin er hverju sinni. Í viðtali við fulltrúa úr skólanefnd og bæjarstjóra kom fram að fyrirkomulag skólaaksturs þarfnast endurskoðunar og að mikið tap sé á rekstri hans sem fellur á sveitarfélögin og er það baggi á þeim. Einnig kom fram í máli aðstoðarskólameistara og foreldra að nemendur sækja í að fara á milli í eigin bílum sem sé áhyggjuefni því oft sé hálka og slæmt veður á leiðinni. Áhersla var lögð á að auka

<sup>24</sup> Fjölbrautaskóli Snæfellinga. Skólasamningur 2006–2008.

<sup>25</sup> Fjölbrautaskóli Snæfellinga. Skólasamningur 2006–2008.

þyrfti aðgerðir til að bæta samgöngur og auka þjónustu á akstursleiðum skólabíla, s.s. með snjómokstri og hálkuvörnum yfir veturinn.

Fjárveiting til FSN skv. fjárlögum ársins 2007 tekur mið af skólasamningi og nemur 147,8 m.kr. eða 817 þ.kr. á hvern nemanda. Sú upphæð er í nokkuð góðu samræmi við sambærilega skóla með svipað hlutfall bóknáms en verknám er hlutfallslega dýrara og hækkar því meðalkostnað á hvern ársnema eftir því sem hlutur þess eykst á kostnað bóknámsins.

Árið 2005 var fyrsta heila starfsár skólans. Samkvæmt ríkisreikningi þess árs nam fjárheimild skólans 107 m.kr.<sup>26</sup> Rekstrarniðurstöður urðu um 12 m.kr. hærri eða 11,4% umfram fjárheimild. Nokkur munur er á afkomu framhaldsskólanna hér á landi á árinu en í skólum með svipað umfang í fjárheimildum voru annars vegar dæmi um jákvæða afkomu sem nemur 10% og hins vegar um allt að 36% halla.

#### **4.7. Forysta um breytingar**

Eins og fram hefur komið var ákveðið við stofnun FSN að skólinn skyldi vera leiðandi í breyttum kennsluháttum og í nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi. Í september 2005 var undirritaður samningur milli menntamálaráðuneytis og FSN um þróunarverkefnið *Útfærsla á nýjum kennsluháttum* en verkefnið var styrkt af Þróunarsjóði framhaldsskóla. Markmið þess var að búa til og útfæra nýjar leiðir í kennsluháttum þannig að áherslan færðist frá beinni miðlun, eins og algengast er í hefðbundinni kennslu, yfir í verkefnavinnu nemenda þar sem aðferðir kenndar við lausnarleitarnám (problem based learning) eru notaðar. Með þessu var stefnt að því að auka virkni nemenda og gera þá að virkum þátttakendum í lærdómsferlinu. Skýrsla um þróunarverkefnið er sett fram á tveimur síðum þar sem stuttlega er gerð grein fyrir framkvæmd þess. Meginniðurstaða verkefnisins er sögð vera sú að útfærsla á kennsluháttum og skipulagi kennslunnar sé komin vel á veg þó að enn sé sífelld vinna í gangi við að koma betra lagi á ýmis atriði. Sagt er að markmið verkefnisins hafi náðst og afrakstur þess nýtist vel í starfi skólans.

Haustið 2004 undirrituðu skólameistarar FSN, Iðnskólans í Reykjavík (IR) og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi (FV) samstarfssamning um nám í hefðbundnum iðngreinum fyrir nemendur FSN. Í samningnum segir að verkefnið gangi út á það að gera

<sup>26</sup> Fjárýssla ríkisins, ríkisreikningur 2005

nemendum af Snæfellsnesi kleift að stunda nám í hefðbundnum iðngreinum í samvinnu við FSN annars vegar og FV og IR hins vegar. Í samningnum er gengið út frá því að nemendur séu skráðir í FSN og stundi þar nám í almennum bóklegum námsgreinum og að samtarfsskólarnir skipuleggi í sameiningu námsferil hvers nemanda. Fagbóklegar greinar verði kenndar ýmist með gestakennarafyrirkomulagi eða í fjarkennslu eftir fjölda nemenda. Verkleg kennsla verði í FV og/eða IR. Kennslan verði skipulögð í lotum þannig að nemendur fari í tiltekinn tíma til Reykjavíkur eða á Akranes, t.d. eina viku í senn tvisvar til fjórum sinnum á námsönninni. Í samningnum er gert ráð fyrir að undirbúningur fari fram á vorönn 2005 og kennsla geti hafist í ljósi samningsins haustönn 2005 og standi formlega yfir skólaárin 2005–2006 og 2006–2007. Með þessu móti verði hægt að bjóða upp á nám í hefðbundnum iðngreinum fyrir nemendur á Snæfellsnesi og aðferðir við kennsluna þróaðar á meðan verkefninu stendur. Áætlaður kostnaður þessa voru tvær milljónir króna og sótt var um styrk til menntamálaráðuneytis.

Í febrúar árið 2005 sendi skólameistari FSN erindi til menntamálaráðuneytis þar sem leitað er eftir viðbótarfjármagni til að koma á kröftugu þriggja ára þróunarstarfi um breytta kennsluhætti og nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi. Í erindinu er vísað til þeirrar áherslu sem lögð var við stofnun skólans á að hann yrði leiðandi í breyttum kennsluháttum og notkun upplýsingatækni þar sem námið færi fram með margs konar blöndu af staðbundnu námi, dreifnámi og fjarnámi. Í erindi skólameistara segir ennfremur:

Af þessu leiðir að nauðsynlegt er að þróa nýja kennsluhætti, móta nýjar aðferðir til að koma námsefni til skila með hjálp upplýsingatækninnar. Til að mynda þarf að þróa dreifnámsaðferðir sem henta yngsta aldurshópnum (16–18 ára) betur en hefðbundið fjarnám, þ.e. að finna lausnir þar sem samskipti nemenda og kennara eru meiri og á öðru formi en tíðkast hefur. Hægt er t.d. að hugsa sér að kennari, sem getur verið hvar sem er á landinu, taki að sér að kenna ákveðnum hópi nemenda, komi og hitti hann 2svar–3svar yfir önnina í 1–2 daga í senn, en sé að öðru leyti í netsamskiptum við nemendur, bæði hefðbundnum netsamskiptum eins og tölvupósti og í gegnum skipulagt námsumhverfi og í rauntíma-samskiptum (t.d. MSN). Margs konar hugmyndir af þessu tagi þarf að prófa og útfæra nánar.

Einnig er nauðsynlegt að þróa nýjar aðferðir við aðhald með nemendum þar sem hið nýja skipulag gerir ekki ráð fyrir að nemendur sitji í hefðbundnum kennslustundum undir

stjórn kennara nema lítinn hluta skóladagsins. Þess vegna duga hefðbundnar aðferðir ekki hér, en þær byggjast að mestu leyti á mætingum nemenda í kennslustundir. Það þarf því að skapa og útfæra öflugt umsjónarkerfi í skólanum þar sem umsjónarkennarar styðja við og fylgjast með litlum hópi nemenda og grípa inn í þegar á þarf að halda.<sup>27</sup>

Ekki er að sjá að FSN hafi fengið úrlausn á erindum sínum um þróunarstyrki til iðnnámsins né þróunar breyttra kennsluhátta og nýtingar upplýsingatækni. Í skólasamningi 2006–2008 er ekki getið um starfrækslu iðnnámsbrauta við FSN og þá er ekki þar að sjá að umsókn skólameistara frá 02.02.2005 um heimild til að starfrækja ferðamálabraut hafi hlotið samþykki menntamálaráðuneytis.

#### **4.8. Viðhorf og væntingar til FSN**

Af þeim viðtölum að dæma sem tekin voru við ólíka rýnihópa og einstaklinga virðist viðhorf til FSN á svæðinu almennt vera mjög jákvætt. Að mati fulltrúa í skólanefnd FSN og bæjarstjóra Grundarfjarðarbæjar hefur það gríðarlega jákvæð áhrif á fjölskyldur að vita af því að þær þurfa ekki að senda börn sín í burtu við lok grunnskólans. Tilkoma skólans hefur jafnframt haft í för með sér að mun fleiri sækja framhaldsskóla en áður þótt reyndar sé það aðeins misjafnt á milli sveitarfélaganna. Þá hefur tilkoma skólans haft í för með sér að húsnæðisverð á svæðinu hefur hækkað afar hratt. Það skapar meiri festu í samfélagið og íbúar eru með eignir sem eru verðmætari en áður eða halda verðgildi sínu. Fólk stóð áður frammi fyrir því að fasteignir rýrnuðu í verði og það hafði tæpast efni á því að senda börnin sín burtu til náms. Ekki var óalgengt að nemendur flosnuðu upp úr námi eða að foreldrar flyttu með börnunum í burtu. Enn er þó erfitt að greina nákvæmlega hvort tilkoma skólans hefur dregið úr brottflutningi fólks. Mikil hreyfing er, t.d. á erlendu verkafólki, og þá hafa orðið áföll í atvinnulífi á stöðunum sem tilkoma fjölbrautaskólans hefur ekki átt neinn möguleika á að vinna gegn. Því er erfitt að einangra það hversu mikið skólinn hefur unnið gegn brottflutningi fólks.

Skólameistari kvað viðhorf til FSN mjög jákvætt í samfélaginu og sagði góðan stuðning við starfsemi hans. Aðeins hefði borið á neikvæðum röddum í Snæfellsbæ. Það væri frekar frá fullorðnu fólki en nemendum sjálfum. Skólameistari kvað nemendur úr

---

<sup>27</sup> Bréf FSN til menntamálaráðuneytis dags. 02.02.2005.

Snæfellsbæ taka minna þátt í félagsstarfi skólans en nemendur frá Stykkishólmi og Grundarfirði. Að einhverju leyti gæti það stafað af erfiðari samgöngum á milli Snæfellsbæjar og Grundarfjarðar en á milli Grundarfjarðar og Stykkishólms. Þá hefðu orðið átök vegna skólaaksturs. Ákveðið var á síðasta ári að fara í útboð til að reyna að lækka kostnað við skólaakstur. Það leiddi til mikillar óánægju hjá þeim sem sáu um aksturinn frá Snæfellsbæ og urðu undir í samkeppninni. Hefur óánægjan ef til vill skilað sér út í samfélagið. Taldi skólameistari það ekki staðsetninguna sem réði viðhorfinu. Mest hefðu vonbrigðin orðið í Stykkishólmi að skólanum var ekki fundinn staður þar en það kemur ekki niður á viðhorfinu gagnvart skólanum.

Að mati foreldra í rýnihópi eru það verðmæti fyrir svæðið að hafa skólann og töldu þeir hann vera stóriðju þeirra Snæfellinga. Allir voru þeir sammála því að það hefði verið mjög jákvætt fyrir svæðið að fá skólann. Því væri hins vegar ekki að leyna að viðhorfin væru misjöfn gagnvart skólanum þó almennt ríkti jákvæður hugur til hans. Foreldrar kváðu að það hefði komið á óvart hversu hratt það gekk að stofna skólann og fólk hefði ekki verið reiðubúið að gera hann snögglega að sínum. Nemendur hafi verið búnir að búa sig undir að fara að heiman til náms þegar þeir uppgötvuðu allt í einu að skólinn var orðinn staðreynd í Grundarfirði. Það ruglaði áætlanir þeirra og truflaði þá í upphafi. Þá álitu foreldrar að fólk hefði efasemdir um uppbyggingu skólans og óöryggi væri gagnvart kennsluforminu. Það væri þó bara byrjunarvandi sem eftir ætti að slípast af og þekking á forminu og gildi þess ætti eftir að aukast.

Nemendur kváðu sér líða vel í skólanum og sögðust almennt sáttir við lífið og tilveruna þar. Skólinn hefði alveg staðið undir væntingum þeirra. Þeir hefðu í sjálfu sér ekki gert sér miklar vonir en væru mjög ánægðir með reynsluna. Þeir hefðu sjálfir valið það að fara í FSN því þannig gátu þeir verið áfram heima og þá væri það mun ódýrara fyrir þá en að fara í burtu. Einnig skapaði það æskilega samfellu í íþrótt- og félagsstarfi þeirra. Lýstu þeir ánægju með það sjálfstæði sem þeir hefðu í skólanum og að þeir gætu sjálfir ráðið námsálaginu að nokkru leyti. Námsskipulagið gerði það ekki endilega að verkum að þeir þyrftu að vinna minna, heldur geta þeir ráðið því hvernig þeir dreifa námsálaginu í viku hverri. Fyrsta önnin hefur reyndar reynst sumum þeirra erfiðust, en síðan hefðu þeir lært að skipuleggja námið. Enginn hefði kunnað neitt á kerfið í fyrstu, fáir voru til að

hjálpa þeim sem komu fyrst inn og það tók tíma að fóta sig í kerfinu. En núna væru eldri nemendur vanir og gætu aðstoðað nýnema við að átta sig á skólanumhverfinu.

Að mati rýnihóps foreldra er skólinn mjög góður fyrir þá nemendur sem eru sjálfstæðir og duglegir að læra. Efasemdir voru um að skólinn væri með nógu mikið aðhald að nemendum og þá sérstaklega fyrir þá sem þurfa meiri aðstoð og mikið aðhald, hálfgerða þösson svo notað sé orðalag foreldra. Afar auðvelt væri fyrir þá nemendur að gera eitthvað annað en skólinn ætlast til. Skólinn er öðruvísi skóli en sá sem nemendur koma úr og töldu foreldrar að nemendur þyrftu ákveðinn þroska til að takast á við námið í FSN. Sögð voru dæmi um nemanda sem ekki gekk vel í grunnskóla en fann sig hins vegar afar vel í FSN. Jafnframt var greint frá reynslu af nemanda sem átti afar erfitt á fyrsta ári í FSN en á öðru ári hafi hann verið búinn að finna sig og sóttist námið með ágætum og virtist líða mjög vel með kennslufyrirkomulagið. Starfsumhverfið í FSN er verulega frábrugðið því sem nemendur þekkja í grunnskólanum og því þyrfti að treysta sambandið á milli grunnskólanna á svæðinu og framhaldsskólans. Gera þyrfti skólana á svæðinu að einni fléttu og koma á betri samfellu þeirra á milli.

Að mati rýnihóps foreldra veitir skólinn mjög góðan undirbúning fyrir háskólanám þar sem hann gerir miklar kröfur um sjálfstæði í námi. Styrkleikar skólans felast í því að hver og einn getur farið í gegnum námið á sínum hraða. Í því fælust í sjálfu sér einnig veikleikar fyrir nemandann því hætt væri við að hann yrði of lengi í framhaldsnámi. Þá hefði skólinn orðið til þess að samband fólks á Snæfellsnesi hefði breyst. Samskipti bæði nemenda og foreldra af öllu svæðinu, þvert á gömul sveitarfélagamörk, hefðu aukist og um leið dregið úr hrepparíg og fordómum. Einnig kom fram í rýnihópi foreldra mikil ánægja með starfsbrautir. Sú starfsemi væri mikilvæg fyrir þjónustu við fatlaða nemendur á Snæfellsnesi.

#### **4.9. Styrkleikar og veikleikar**

Áberandi var að viðhorf til skólans voru mjög jákvæð hjá öllum viðmælendum við úttektina og kom fram mikill metnaður fyrir hönd skólans. Krafturinn í starfsfólkinu leyndi sér ekki þar sem áherslan var á að halda öflugum þróunarstarfi áfram. Í viðtölum var leitað eftir afstöðu til styrkleika og veikleika í starfsemi FSN og er hér greint frá



meginniðurstöðum þeirrar umræðu þó sum atriðin hafi komið fram í köflunum hér á undan.

### **Styrkleikar**

Í viðtali við fulltrúa í skólanefnd FSN og bæjarstjóra Grundarfjarðar kom fram að þau töldu meginstyrkleikann fölginn í góðum kjarna starfsfólks sem tók hinum nýju hugmyndum sem skólinn var reistur á sem áskorun. Allir kennarar eru samhentir í því að leita leiða til þess að efla skólann við að leysa jafnóðum þau mál sem upp koma. Töldu þau að skólinn hefði fengið gott start og byggðist á nýrri hugmyndafræði sem innleidd var í skólasterfið frá upphafi og þyrfti því ekki að glíma við gamla drauga. Gengið hefur vel að fá kennara til starfa og hafa flestir þeirra komið af svæðinu. Þeir sem eru ekki með kennsluréttindi hafa sótt sér nám sem gefur þau réttindi.

Að mati aðstoðarskólameistara felst meginstyrkleiki skólans í sveigjanleikanum. Kennslustundum er skipt í fasta tíma og verkefnatíma sem þýðir það að nemendur geta stjórnað tíma sínum sjálfir og eytt meiri tíma í þær greinar sem þeir eru veikari í. Undir það tóku foreldrar sem segja að sérhver nemandi geti unnið á sínum hraða þó að það geti í sjálfu sér líka falið í sér veikleika ef nemandi tekur sér of langan tíma til námsins eða heldur ekki nógu góðri reiðu á námsframvindunni. Þá töldu foreldrar að með stofnun skólans hafi samband milli íbúa á Snæfellsnesi breyst til góðs. Samskipti bæði nemenda og foreldra á svæðinu hafi aukist öllum til góðs. Þá hefðu starfsbrautir fyrir fatlaða nemendur gengið mjög vel og voru foreldrar mjög ánægðir með þá starfsemi. Námsbraut fyrir þessa einstaklinga væri mikilvæg fyrir þjónustuna á Snæfellsnesi. Nokkuð væri um það að nemendur sem kusu að sækja nám annað hefðu komið heim og hafið nám í FSN. Einnig væru dæmi um að nemendur hefðu byrjað í FSN og farið burtu eftir fyrstu önnina en komið síðan aftur í FSN sem sýndi að skólinn hefði skapað sér tiltrú.

Kennarar tóku undir orð aðstoðarskólameistara og foreldra um að sveigjanleikinn væri helsti styrkleiki skólans. Kennsluformið felur í sér ákveðið aðhald fyrir nemendur því þeir eru meðvitaðir um að ef þeir eru með ólæti trufla þeir ekki bara sinn eiginn hóp heldur líka aðra hópa. Það skapar ákveðið aðhald þar sem nemendur vilja hafa vinnufrið. Námsformið býr nemendur betur undir vinnu á hefðbundnum vinnustöðum þar sem ekki er starfað í lokuðum rýmum. Kennarar geta fengið stuðning hver af öðrum þar sem þeir kenna saman í opnu rými og nemendur geta snúið sér til hvaða kennara sem er í salnum.

Kennsluformið eykur samvirkni innan kennarahópsins og skapar ákveðna ábyrgð þeirra í milli að miðla hver öðrum þekkingu og reynslu. Samskipti verða miklu opnari meðal kennara og nemenda. Þá eru nemendur vanir því að gengið sé um kennslusvæðin og eru ekki feimnir við að biðja hvern sem er um aðstoð við verkefni.

Nemendur sögðu styrkleika skólans felast í því að nemendur væru nánir og kennslan væri persónuleg, eða svo notuð séu þeirra orð: „Í öðrum skólum eru nemendur bara númer en í FSN hefur hver nemandi nafn.“ Samskipti eru opin við kennara að þeirra mati og ekki væri vandi að ná í kennara ef á þyrfti að halda. Nemendur voru ánægðir með skiptingu á kennslutímum og verkefnatímum og það að þeir gætu verið hvar sem er í skólanum í verkefnatímum því rafræn samskipti væru vel nýtt. Heimanámið væri ekki aðgreint heldur hluti af því námi sem þeir þyrftu að skila í heild.

Að mati námsráðgjafa felast styrkleikar FSN í mjög góðri samstöðu meðal starfsfólks og samskiptum þess við nemendur. Þá væru samskipti nemenda einnig mjög góð. Námsráðgjafi taldi kröfuna um sjálfstæði nemenda gera nemendur öflugri sem vinnukraft í framtíðinni. Að mati námsráðgjafa er mjög mikilvægt fyrir skólann að skapa sér tiltrú og velvild og að samfélagið vinni með skólanum. Kvað hann vel unnið með samskipti milli framhaldsskólans og grunnskólanna, en e.t.v. mætti kynna kennurum grunnskólanna betur starfið í FSN. Draumastaðan væri að þau vinnubrögð sem þróuð hafa verið í FSN yrðu innleidd í starf grunnskólanna

## **Veikleikar**

Að mati tveggja fulltrúa í skólanefnd og bæjarstjóra Grundarfjarðar felast meginveikleikar FSN í fámenninu á svæðinu og sögðu þeir lítið mega út af bera í aðsókn að skólanum. Ef einn árgangur skilar sér illa getur það haft mikil áhrif á skólastarfið og misjafnt væri hvernig samsetning árgangsins væri. Í einstaka árgangi getur falist mikið af áhugasömum nemendum sem sækja í framhaldsnám og á hinn bóginn er alltaf einhver hópur nemenda sem ekki hefur áhuga á frekara námi. Markmiðið væri að horfa vel innávið og styðja vel við grunnskólana, efla þá eins og mögulegt væri og þá helst í mjög nánun samstarfi við framhaldsskólann. Taka þyrfti þetta samstarf sem sérstakt verkefni og byggja upp öflugt skólasamfélag. Kváðu skólanefndarfulltrúarnir og bæjarstjóri Grundarfjarðar það skyldu þeirra sem að FSN stæðu, skólanefndar, stjórnenda og kennara að vinna að uppbyggingu skólastarfs í samfélaginu. Við stofnun skólans hefði það verið

haft að markmiði að hækka menntunarstig á svæðinu og það væri verkefni næstu ára. Snæfellingar gætu ekki hallað sér aftur þótt þeir hefðu fengið framhaldsskólann. Þeir ættu að vera leiðandi og standa framarlega á sviði þróunar framhaldsmenntunar og mættu hvergi sofna. FSN væri í samkeppni um unglíngana á svæðinu, eða eins og einn sagði: „...og þó við séum fjandi góð þá megum við ekki sofna. Í því felast tækifæri skólans að laða að nemendur svo hækka megi menntunarstigið.“ Andvaraleysi getur þannig að mati skólanefndarmanna og bæjarstjóra verið ógnun við framtíðaruppbyggingu framhaldsskólastarfs í FSN.

Að mati aðstoðarskólameistara eru samgöngur milli Snæfellsbæjar og Grundarfjarðar ákveðinn veikleiki fyrir framtíðaruppbyggingu skólans. Leiða mætti að því líkur að samgöngurnar væru ástæða lakari aðsóknar úr Snæfellsbæ í FSN en úr öðrum sveitarfélögum af starfssvæði skólans. Þá væri það ákveðinn veikleiki í starfsemi skólans að kennarar sitja ekki við sama borð hvað varðar búsetu. Þeir sem búa utan Grundarfjarðar verða fyrir kostnaði vegna ferða sem þeir verða sjálfir að greiða. Þörf væri á að ríkið kæmi til móts við kennara hvað þetta varðar og tæki þátt í ferðakostnaði þeirra í og úr skóla þar sem skólinn er hugsaður fyrir allt svæðið. Ef ekkert er gert mun búsetan þróast smátt og smátt í það að kennarar verða flestir búsettir á Grundarfirði.

Foreldrar deildu áhyggjum aðstoðarskólustjóra af samgöngum. Töldu þeir þær helsta veikleikann, eða ógnunina, fyrir starfsemi FSN. Báru þeir verulegan ugg í brjósti og töldu að leita þyrfti allra leiða til að bæta þjónustu á vegum milli staðanna sem aðild ættu að skólanum. Á veturnum skapaðist oft mikil hætta sökum íss á vegunum og því þyrfti að viðhafa miklu meiri hálkuvarnir á milli staðanna. Þá töldu foreldrar að tími í skóla væri ekki alltaf vel nýttur af nemendum. Kváðu þeir alla eiga að líta á skólann sem vinnu og skila vinnutíma frá 8:00–16:00 en ekki nýttu allir nemendur þennan tíma vel. Líklega þyrfti að fylgja námsáætlunum nemenda betur eftir þannig að kennarar hefðu gleggri sýn yfir það hvernig nemendum gengur að fylgja þeirri áætlun sem þeir og/eða kennarinn hefur sett.

Kennarar kváðu veikleika skólans felast í því að nemendur sem erfitt ættu með að einbeita sér ættu ekki alltaf auðvelt með nám í FSN. Alveg sama væri hvort um væri að ræða góða nemendur sem erfitt ættu með einbeitingu í skvaldri eða slaka og áhugalaus nemendur. Nemendur þyrftu að aðlagast vinnuumhverfinu og læra að vinna úr

umhverfisáhrifum og flokka þau frá því sem þeir eiga að einbeita sér að. Einnig væru stöðnun og þröngsýni meðal helstu ógna við starfsemi skólans og þá skipti miklu máli að tæknibúnaður fullnægði þörfum hverju sinni, eða eins og einn sagði: „*Ef ekki er sífellt þróun í gangi þá gengur þetta ekki.*“ Kennararnir yrðu að fá tíma til að fylgjast með nýjungum og prófa sig áfram með þær í starfi. Þá höfðu kennarar áhyggjur af því að teldi menntamálaráðuneytið skólann ganga of langt í nýjungum þá skapaðist hættu á að skólanum yrðu settar of þröngar skorður. Því yrði að gæta ákveðins jafnvægis í þróun starfsins.

Stærðfræðikennari nefndi sérstaklega að stærðfræðikennsla væri enn of bundin í gömlum kennsluáferðum. Sú nasasjón sem stærðfræðikennari hefur fengið af kennslu í stærðfræði varðar helst nýjungar í tækni, t.d. rafræna töflu, en ekki það er lýtur að kennslunni sjálfri og nýjungum í kennsluáferðum. Vildu kennarar hafa tækifæri til að sækja þekkingu og upplýsingar um hvað aðrir væru að gera til að þróa kennsluhætti í greininni. Kváðu þeir framhaldsskólakennara ekki tala saman með sama hætti og leik- og grunnskólakennarar, það vantaði meiri umræðu um kennsluna. Fjöldi framhaldsskólakennara hefði sótt árlegar UT-ráðstefnur sem fjölluðu kannski of mikið um tæknina, þ.e. tækin, en ekki kennsluna sem slíka.

Nemendur töldu veikleika skólans felast í því að opnu rýmin gætu verið truflandi. Skólinn þyrfti að hafa upp á að bjóða aðeins meira af lokuðum rýmum til náms. Nemendur töldu sig stundum fá of litla formlega kennslu, sérstaklega í stærðfræði og raungreinum. Kennarar segðu hvað ætti að lesa og létu í té lesefni og verkefni í stað þess að segja til. Kennarinn væri ekki alltaf beint að kenna heldur vísaði þeim á lesefni og hver og einn yrði að læra sjálfur og leysa verkefnin. Töldu þeir að það vantaði svolítið af hefðbundinni kennslu með dreifnáminu. Sögðu þeir einstaka kennara reyndar nota slíkt form meðfram.

Námsráðgjafi taldi veikleika skólans felast í því að hann gæti ekki alltaf boðið upp á alla áfanga sem þyrfti og lítið væri um starfsnám. Fjölbreytni í námsframboði væri lítil, einkum fyrir þann hóp sem námsráðgjafi þyrfti mest að sinna. Skólinn getur illa mætt þörfum nemenda sem vilja fara í iðnnám að öðru leyti en því að bjóða upp á nokkrar bóklegar greinar. Nemendur þyrftu hins vegar að fara í aðra skóla til að ljúka náminu. Oft stytty það ekki námstímann að taka fyrsta árið í FSN því áfangarnir sem búið er að ljúka

passa síðan illa inn í skipulag námsins í öðrum skóla og nemandinn þyrfti í raun að vera jafn lengi og hann hefði verið ef hann hefði farið strax í annan skóla. Huga þyrfti að því að skólinn byggði upp iðnnám í samstarfi við aðra skóla en til að af því gæti orðið þyrfti e.t.v. að hugsa nám og kennslu starfsnámsgreina upp á nýtt, svipað og gert var með bóknámið við stofnun FSN.

Styrkleikar og veikleikar skólans felst í sveigjanleika og nýjum kennsluháttum þar sem skólastarfið hentar hluta nemendahópsins mjög vel en öðrum síður. Fámenni ásamt skipulagi starfsnáms skv. aðalnámskrá veldur því að erfitt er að bjóða upp á fjölbreytt starfsnám. Stjórnendur skólans eru meðvitaðir um þennan vanda og eru sífellt að leita leiða til að leysa hann án þess að endanleg lausn hafi fundist.

## 5. Umræða og samantekt

Eins og fram kemur í inngangi er meginmarkmið úttektarinnar á Fjölbrautaskóla Snæfellinga þríþættur: 1) Að leggja mat á starfsemi Fjölbrautaskóla Snæfellinga. 2) Að meta að hve miklu leyti skólinn hefur uppfyllt þau markmið sem sett voru við stofnun hans. 3) Að meta hvort starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár og að hve miklu leyti skólinn hefur náð árangri við að uppfylla markmið skólanámskrár. Í samræmi við ofangreind markmið er tilgangurinn sá að leita svara við þremur meginspurningum:

1. Er starfsemi Fjölbrautaskóla Snæfellinga frá því hann hóf starfsemi haustið 2004 og til loka skólaárs 2006/2007 í samræmi við þær væntingar sem til starfseminnar voru gerðar með stofnun hans og ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár?
2. Hvernig hefur til tekist með þróun nýrra kennsluhátta og fyrirkomulag dreifmenntunar með nýtingu upplýsingatækni?
3. Hefur skólanum tekist að mæta þörfum íbúa á svæðinu fyrir menntunarúrræði á framhaldsskólastigi?

Þegar litið er á niðurstöður úr þeirri gagnaöflun sem hér hefur verið gerð grein fyrir verður ekki annað séð en að almennt hafi tekist vel til í starfi skólans á þessum fyrstu þremur starfsárum hans. Andrúmsloftið í skólanum er þægilegt og vinnusamt og samskipti kennara og nemenda virðast opin og frjálslæg. Mikill metnaður hefur verið lagður í uppbyggingu skólans og mótun hans af hálfu heimamanna og menntamálaráðuneytis. Fjöldi fólks tók þátt í þessu undirbúningsstarfi og lagði sitt af mörkum svo af stofnun skólans yrði. Þessa sama metnaðar fyrir hönd skólans gætti í viðtölum við skólameistara, kennara, foreldra, nemendur, skólanefndarmenn og bæjarstjóra og ljóst að allir höfðu fulla trú á að skólinn hefði sannað sig.

Meginvæntingarnar sem uppi voru við stofnun skólans voru þær að með framhaldsskóla á svæðinu mætti draga úr því óöryggi sem fylgir því meðal ungs fólks og foreldra þess að flytja burt til að sækja framhaldsnám. Jafnframt myndi menntunarstig á skóla-svæðinu hækka og ný atvinnutækifæri skapast fyrir langskólagengið fólk. Ekki verður annað séð af niðurstöðum en þetta hafi gengið vel eftir. Nemendafjöldi hefur orðið talsvert meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir sem bendir til að skólinn hafi skapað sér tiltrú og

hann uppfylli þær væntingar sem til hans voru gerðar. Skólinn virðist hafa dregið úr landlægum hrepparíg og skapar grundvöll til að byggja norðanvert Snæfellsnes upp sem eina samfélagslega heild.

Almennt virðist góð sátt vera með kennslufyrirkomulag skólans og árangur af starfi hans vera í samræmi við væntingar. Í lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996 segir að hlutverk framhaldsskólans sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda til virkrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi og búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu eða frekara nám. Skólinn skal ennfremur leitast við að efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda og þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun. Þeir kennsluhættir sem þróaðir hafa verið í FSN virðast styðja vel við þetta grundvallarhlutverk skólans. Það virðist mat bæði foreldra og kennara að einkenni skólastarfsins séu einmitt þau að nemendur þurfi að bera mikla ábyrgð á eigin námi og þurfi strax frá upphafi að tileinka sér öguð og sjálfstæð vinnubrögð. Geri þeir það ekki er hætt við að þeir nái ekki árangri í námi sínu. Hætta er á að á fyrsta námsári, meðan nemendur eru að læra á þessa kennsluhætti og læra það að þeir eru sjálfs sín herrar, finnist þeim skorta ákveðið aðhald. Hið sama var að heyra á foreldrum sem fannst til að byrja með að skólinn væri óreiðukenndur og lítið næði væri til náms auk þess sem þeir settu ákveðna fyrirvara við kennsluhættina. Eftir að reynsla var fengin var hins vegar ekki annað að heyra á foreldrum en að þeir hefðu fulla trú á vinnubrögðum skólans og töldu að kennsluhættirnir byggju nemendur mjög vel undir frekara nám; þeir öðluðust sjálfstæði og lærðu að skipuleggja nám sitt og sinn eigin tíma.

Þó svo að foreldrar séu almennt sáttir við kennsluformið hafa þeir ákveðnar athugasemdir við starfið í skólanum sem sjálfsagt er fyrir skólann að taka alvarlega. Mikilvægt er að skólinn taki alvarlega skilaboð foreldra um fyrstu upplifun þeirra af skólastarfinu. Ef það er svo að þeim finnst skólinn óreiðukenndur við upphaf náms nemenda gæti verið að endurskoða þyrfti með hvaða hætti nemendur eru leiddir inn í hina nýju starfshætti skólans þannig að þeir finni til öryggis í skólanum og séu frá fyrsta degi færir um að takast á við námið. Foreldrar lögðu áherslu á að kennarar þyrftu að leggja sig enn betur fram og svipaðra viðhorfa gæti meðal nemenda sem segja þá leggja of mikla áherslu á sjálfsnám nemenda en afar litla á eigið fræðsluhlutverk. Óljósra skilaboða virðist gæta þar sem kennarar segja ekkert lagt upp úr heimanámi heldur sé lítið á námið

sem eina heild sem nemendur glíma við í kennslutímum, verkefnatímum og annarri námsvinnu í skóla eða heima kjósi nemendur það. Þeim sé ekki sett fyrir að vinna heima. Foreldrar tala hins vegar um óljós skil milli heimanáms og náms í skóla og að nemendur og kennarar þurfi að nýta betur starfstímann í skólanum.

Athygli vekur að námsmat hefur að takmörkuðu leyti þróast í takt við breytta námshætti. Í samræmi við þá hugmyndafræði félagslegrar hugsmíðahyggju, að námið sé skipulagt þannig að gert sé ráð fyrir þátttöku nemandans í uppbyggingu þekkingar, er mikilvægt að hann sé á sama hátt þátttakandi í að meta hvernig honum hefur tekist til. Símat er viðhaft í flestum áföngum skólans með ákveðinni áherslu á rafræn krossapróf og því virðast kennarar í raun styðjast að mestu leyti við aðferðir lokamats (summative assessment) fremur en leiðsagnarmats (formative assessment) þar sem fleiri þættir eru metnir en bara þeir sem eru þekkingarbundnir. Kennsluformið býður upp á að leikni nemenda sé metin, sjálfstæði í námi og vinnubrögðum, félagsleg samskipti og fleiri þættir sem mikilvægir eru í ljósi hinnar félagslegu hugsmíðahyggju og kennsluhættir skólans eiga að taka mið af. Kennsluhættirnir leggja mikla áherslu á ábyrgð nemenda sjálfra á eigin námi og því er eðlilegt að þeir taki þátt í að meta eigin námsframlag.

Ekki verður annað séð en að skólahúsnæðið styðji vel við starfsemi skólans og þá hugmyndafræði sem hann er reistur á. Kyrrlát andrúmsloft virtist vera í skólanum þó margir nemendur væru þar við vinnu og hljóðvist er almennt nokkuð góð. Umhugsunarvert er þó að bókasafni eða upplýsingamiðstöð skuli ekki vera gert hærra undir höfði í skólanum en raun ber vitni. Skóli sem byggir að miklu leyti á sjálfsnámi nemenda hlýtur að þurfa að leggja meira upp úr slíku starfi og bjóða nemendum aðstöðu þar sem gögn eru aðgengileg og hægt er að leita aðstoðar við heimildaleit, bæði í gegnum tæknimiðla og í bókum og tímaritum. Þó að benda megi á að hægt sé að sækja ótæmandi upplýsingar inn á vef í gegnum tölvur þá er þjónusta sem veitt er á skólasafni afar mikilvæg. Leggja mætti meira upp úr því að nýta svalir ofan við kennslusal fyrir slíka starfsemi eins og gert var ráð fyrir við hönnun hússins og reynt var fyrstu árin en nú er þetta rými nýtt sem kennslu og vinnusvæði þar sem nýtingin þótt ekki góð. Skólameistari segir að þörf sé á fleiri litlum lokuðum rýmum þar sem hægt er að vinna með fámenna hópa og nemendur geta haft lokað afdrep til hópavinnu. Hugmyndafræði hugsmíðahyggju sem lögð var til grundvallar uppbyggingu FSN leggur áherslu á að námsumhverfi sé opið og náms-



hvetjandi.<sup>28</sup> Vinnubrögð eins og tíðkast í FSN kalla á mjög fjölbreytt húsnæði, þ.e. bæði opin rými eins og eru til staðar en ekki síður næga möguleika til að smáir hópar geti lokað sig af með eða án kennara.

Brottfall í FSN hefur verið yfir meðaltali framhaldsskóla landsins miðað við tölur Hagstofunnar fyrir 2005. Í fámennum skóla vegur hver nemandi mikið og hver og einn sem hverfur frá námi hefur mikil áhrif á hlutfallstölur og því ber að fara varlega í að túlka þær. Atvinnuástand, undirbúningur nemenda, hvatning heima fyrir, námsframboð skólans, námsgengi og ástundun sem og viðhorf félaga eru allt þættir sem hafa áhrif á brottfall. Umsjónarkennarar, námsráðgjafi og stjórnendur virðast fylgjast vel með framgangi nemenda og reyna að grípa inn í ef mæting og ástundun fer úrskaiðis. Hins vegar er erfðara um vik fyrir skólann ef nemendur hætta námi við annaskil eða innritast ekki á nýju skólaári. Erfitt er á þessari stundu að segja til um hvort kennsluhættir og skipulag skólans hafi áhrif á brottfall í FSN, en til þess þarf lengri reynslu af starfi skólans sem og rannsóknir á ástæðum brottfalls nemenda. Ein skýring á þeim háu brottfallstölum í FSN sem fram koma í gögnum Hagstofunnar kann að vera sú að í fámennum skóla er ekki hægt að halda úti tilteknum námsbrautum allt til loka, einkum verk- og starfsnámsbrautum, og skólinn þarf að reiða sig á að nemar geti brautskráðst af viðkomandi námsbrautum frá öðrum skólum. Hætt er við að rof af því tagi á námsferli auki á brottfall nemenda, þ.e. að þeir mæti ekki til framhalds náms í viðtökuskóla. Þó að brottfallstölurnar séu e.t.v. ekki fyllilega samanburðarhæfar þar sem annars vegar er um að ræða dagskóla en hins vegar, í tilfelli FSN, um dreifnám gefur há hlutfallstala brottfalls í FSN ástæðu til að rýnt sé vel í þessi mál og leitað skýringa. Lagt er til að skólinn kanni meðal þeirra nemenda sem hverfa frá námi ástæður brotthvarfsins til að freista þess að greina hvaða þættir vegi þar þyngst og í framhaldi bregðist hann við þeim þáttum sem hann hefur tök á að breyta til hagsbóta fyrir nemendur.

Því verður ekki haldið fram hér að skólanum hafi tekist að fullnægja þörfum íbúa á svæðinu fyrir menntunarúrræði á framhaldsskólastigi og sjálfsagt mun það aldrei verða svo, fremur en við á um aðra framhaldsskóla, jafnvel fjölmennari. Þótt ljóst sé að skólinn hafi komið verulega til móts við íbúa þá má sjá af niðurstöðum að skólinn á í ljósi stærðar sinnar erfitt með að fullnægja þörfum hvað varðar starfsnám af ýmsu tagi. Sökum

---

<sup>28</sup> Þuríður Jóhannsdóttir, 2006.

fámennis getur hann ekki boðið nemendum sínum upp á að ljúka iðnnámi af ýmsu tagi þótt hann hafi lagt sig í líma við að aðstoða fólk við að hefja nám á nokkrum námsbrautum iðnnáms. Þetta kann m.a. að skýra það hversu aðsókn drengja er dræmari í skólann en stúlkna; að þeirra hugur stefni fremur í verk- og starfsnámsbrautir en bóknamsbrautir. Almennt sækja fleiri karlar í starfsnám en stúlkur og má í því sambandi nefna að árið 2006 voru 88% nemenda í iðn- og tækninámi á landinu karlar en aðeins 12% konur.<sup>29</sup> Skólastjórnendur virðast hafa fullan skilning á þessum vanda skólans og hafa verið gerðar tilraunir með að bjóða upp á nám á starfsnámsbrautum í samstarfi við sérskóla eða fjölmennari framhaldsskóla sem hafa getað boðið nemendum upp á að ljúka náminu þar. Í samstarfi við Fjöltækniskólann var boðið upp á byrjunaráfanga (1–2 annir) í vélstjórnarnámi við FSN og þá hefur skólinn reynt að bjóða upp á byrjunaráfanga í iðnnámi, s.s. tréiðnum og rafiðn, í samstarfi við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Vandinn er hins vegar sá að það nám sem skólinn býður upp á af þessu tagi hverfist að mestu leyti um bóknámsáfanga þessara námsbrauta, þ.e.a.s. grunnáfanga hinna hefðbundnu kennslugreina og nemendur verða ekki nægilega varir við sérgreinar er lúta að þeirri starfsgrein sem hugur þeirra stefnir til. Það eitt getur hugsanlega dregið úr áhuga þeirra á náminu og það að eiga þess ekki kost að ljúka náminu heima getur e.t.v. skýrt hátt brottfall í skólanum. Að þessu leyti má segja að FSN sé að langstærstu leyti bóknámsskóli og þróun kennsluhátta hafi fyrst og fremst tekið mið af því.

Ef auka á framboð verknáms í FSN er mikilvægt að styrkja tengsl skólans við atvinnulíf á starfssvæðinu og kanna hvar þörfin er mest fyrir starfsnám af einhverju tagi. Hugsanlega mætti skapa starfsnámspláss í atvinnufyrirtækjunum sjálfum undir forræði FSN án þess að það kallaði á fjölmenna námshópa. Sjávarútvegur og fiskvinnsla er mikilvægasta atvinnugreinin á svæðinu og jafnvel sú grein sem er hugsanlega í einhverri samkeppni við skólann um fólk. Fiskvinnsla sem matvælaframleiðsla er starfsgrein sem hefur ekki gert miklar kröfur til menntunar þess fólks sem í henni starfar þótt full þörf sé á. Þá virðist ferðapjónusta vaxa fiskur um hrygg á svæðinu og þar virðast geta legið tækifæri fyrir skólann, ekki síst í tengslum við þjóðgarðinn og náttúrufar hans. Í bréfi til menntamálaráðuneytis, dags. 02.02.2005, sækir skólameistari FSN um heimild til að þróa nýtt stutt starfsnám á sviði ferðapjónustu. Í umsókninni er gert ráð fyrir að námið muni

---

<sup>29</sup> Hagstofa Íslands, (e.d. b)

samanstanda af tungumálum, náttúrufræðum og samfélagsgreinum auk almennra bóklegra greina. Í náttúrufræði og samfélagsfræði verði áhersla lögð á sérstöðu Snæfellsness, t.d. varðandi jarðfræði þess og sögu. Athygli vekur að í umsókn þessari er ekkert vikið að samráði við hagsmunaaðila á Snæfellsnesi í ferðaþjónustu. Mikilvægt er að rætt sé með hvaða hætti atvinnulífið getur stutt við þann vilja skólans að efla framboð sitt á starfsnámi. Á þessu sviði gætu falist vaxtarbroddar fyrir skólann út fyrir hefðbundið upptökusvæði og möguleikar á að fjölga nemendum og styrkja skólann til lengri tíma. Þó að það hafi ekki verið markmið í sjálfu sér að sækja nemendur í skólann út fyrir skólasvæðið þá verða skólayfirvöld að horfast í augu við það að það ríkir samkeppni um nemendur og á skólastigi þar sem mikil fjölbreytni náms er til boða er styrkur hvers skóla fjöldi nemenda.

Með stofnun FSN var hrundið af stað nýrri hugmyndafræði um nám og kennslu á framhaldsskólastigi. Sú hugmyndafræði var í sjálfu sér ekki alveg ný af nálinni í íslenski skólamálaumræðu en með FSN var gerð alvarleg tilraun til að raungera hana og margt hefur tekist vel í því starfi. Eftir aðeins þriggja ára starf skólans er tæpast hægt að krefjast þess að hann sýni fram á að honum hafi tekist að vera leiðandi í þróun kennsluhátta og í nýtingu upplýsingatækni. Slíkt kallar á lengra starf og meiri reynslu til að miðla öðrum. Athygli vekur þó að í erindi skólameistara til menntamálaráðuneytis 02.02.2005 leggja formaður skólanefndar og skólameistari til að gerður verði samningur við skólann þar sem hann verði skilgreindur sem þróunar-skóli á sviði dreifnáms og breyttra kennsluhátta með áherslu á nýtingu upplýsingatækninnar. Það gefur tilefni til að ætla að skólinn telji að honum sé ekki gert nægilega vel kleift af hálfu menntamálaráðuneytis að sinna því hlutverki sem honum var ætlað í stofnsamningi að vera leiðandi í breyttum kennsluháttum og nýtingu upplýsingatækni. Ljóst má vera að þróunarstarf af þessu tagi kostar peninga og ef eitthvað á að verða úr er mikilvægt að skólanum sé gert kleift að vinna sem best að þróunarstarfinu en um leið að gera miklar kröfur um áætlanagerð, mat á sérhverju verkefni og miðlun niðurstaðna. Jafnframt er mikilvægt að skólinn, sem leiðandi í þróun kennsluhátta skv. Stofnsamningi, geri almennt kröfu á kennara um markvissa áætlanagerð um þróun starfshátta, skráningu og mat ætli hann að sinna forystuhlutverki því sem honum var falið. Þessa sér ekki nægilega vel stað í starfi skólans.

Nýbreytni- og þróunarstarf er tímafrekt og kostnaðarsamt verkefni og skólinn þarf markvissan stuðning til að geta haldið áfram því brautryðjendastarfi sem unnið er að. Finna mátti mikinn hug í kennurum og stjórnendum að halda áfram að þróa skólastarfið en gera þarf ráð fyrir að til þess að svo verði þurfi kennarar og stjórnendur öflugan stuðning, bæði faglegan og fjárhagslegan. Gott framboð hefur verið af námskeiðum, fyrirlestrum og kynnisferðum fyrir kennara. Einnig má nefna að mikil umræða er í skólanum um hvernig nýta má tölvutæknina á nýjan hátt í tengslum við framhaldsskóladeild á Patreksfirði. Í fámennum skóla er ekki nema einn til tveir kennarar í hverju fagi og þó að kennarar hafi stuðning hver af öðrum og samvinna sé mikil þá kalla mismunandi námsgreinar á mismunandi útfærslu á kennsluháttum og tækninotkun. Til að styðja kennara enn betur við að þróa sig í starfi væri æskilegt að koma á einhvers konar handleiðslu utanaðkomandi aðila sem kæmi í skólann tvisvar til þrisvar á önn og sinnti persónulega hverjum og einum kennara við að nýta sér þá reynslu og þekkingu sem hann hefur á tækni, hugbúnaði og fjölbreyttum kennsluaðferðum, en einnig til að virkja þann mikla hug sem er í kennarahópnum til framþróunar skólastarfsins.

Til þess að þróa starfið áfram er mikilvægt að skólinn hafi uppi reglubundið mat á því og stuðli að faglegri ígrundun kennara. Þetta gerir skólinn í nokkrum mæli en það virðist hvorki vera nógu sýnilegt né markvisst og tæpast í samræmi við ákvæði Aðalnámskrár framhaldsskóla frá 2004. Þessa er hvergi getið í skólanámskrá og hvergi að finna ábendingar um að skólinn hyggist beina kröftum sínum að þróun tiltekinna þátta í starfi sínu né um hvaða nýrrar þekkingar þarf að afla til að ná þangað sem skólinn ætlar sér. Mikilvægt er að skólinn vinni árlega sjálfsmatsskýrslu og geri hana aðgengilega á vef sínum.

Til þessa hefur skólinn ekki sýnt áhuga á að taka þátt í samkeppni um nemendur utan skólasvæðis síns, þ.e. norðurhluta Snæfellsness. Bent var á í viðtölum að til þess þyrfti að byggja upp heimavistir og á því væri ekki áhugi af hálfu forystumanna skólans. Á komandi skólaári kunna að verða á þessu breytingar því þá munu kennarar standa frammi fyrir nýbreytni í starfinu. Þá mun skólinn starfrækja deild á Patreksfirði sem gera mun nýjar kröfur til kennara um endurskoðun vinnubragða. Þá hafa Hólmvíkingar sýnt áhuga á að tengjast FSN með einum eða öðrum hætti. Þetta er athyglisvert því báðir þessir staðir hafa nokkra reynslu af dreifmenntun í grunnskólum sínum og sú reynsla

fælir þá ekki frá því að nýta sér þann möguleika til náms og kennslu á framhaldsskólastigi. Það er ljóst að uppbygging FSN hefur vakið athygli og víða í hinum dreifðu byggðum er vissulega áhugi fyrir því að þar sé til boða framhaldsnám að grunnskóla loknum svo nemendur þurfi ekki að fara að heiman.

Taka má undir orð kennara þar sem fram kemur að styrkleiki skólans sé fyrst og fremst sveigjanleiki og að vel hafi tekist til að ná þeim markmiðum sem sett voru með stofnun hans. En eins og fram hefur komið þá þarf einnig að huga vel að áframhaldandi stuðningi við skólann til að skapa honum möguleika á að ná lengra sem þróunarskóli á sviði breyttra kennsluhátta og nýtingar upplýsingatækni í skólastarfi. Byrjunarerfiðleikar eru að baki, skólinn hefur fest sig í sessi og sannað sig í samfélaginu og nú er lag að horfa fram á veginn og gefa frumkvöðlastarfi skólans enn meiri byr undir vængi.

## Heimildir

- Aðalnámskrá framhaldsskóla. Almennur hluti. 2004. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.  
Bréf FSN til menntamálaráðuneytis, dags. 02.02.05
- Fjársýsla ríkisins. Ríkisreikningur 2005. Sótt 12.07.07 frá  
<http://fjs.skyrr.is/upload/files/Rikisr-05-S.pdf>
- Fjölbrautaskóli Snæfellinga. Skólasamningur 2006–2008.
- Fjölbrautaskóli Snæfellinga (2005). Um skólann. Sótt 07.06.07 frá  
<http://www.fsn.is/umskolann/>
- Fjölbrautaskóli Snæfellinga (2006a). Hlutverk og stefna Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Sótt 07.06.07 frá <http://www.fsn.is/umskolann/hlutverkogstefna/>
- Fjölbrautaskóli Snæfellinga (2006b). Undirbúningur að stofnun Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Sótt 07.06.07 frá <http://www.fsn.is/hlutverkogstefna/>
- Fjölbrautaskóli Snæfellinga (2006c). Forvarnastefna. Sótt 07.06.07 frá  
<http://www.fsn.is/umskolann/hlutverkogstefna/forvarnastefna/>
- Fjölbrautaskóli Snæfellinga (2006d). Jafnréttisstefna. Sótt 07.06.07 frá  
<http://www.fsn.is/umskolann/hlutverkogstefna/jafnrettisstefna/>
- Fjölbrautaskóli Snæfellinga (2006e). Umhverfisstefna Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Sótt 07.06.07 frá <http://www.fsn.is/umskolann/hlutverkogstefna/umhverfisstefna/>
- Fjölbrautaskóli Snæfellinga (2007a). Kennsluhættir í Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Sótt 07.06.07 frá <http://www.fsn.is/namogkennsla/>
- Fjölbrautaskóli Snæfellinga (2007b). Dagskólanám – dreifnám. Sótt 07.06.07 frá  
<http://www.fsn.is/kennsluhaettir/dagskolanam-dreifnam/>
- Hagstofa Íslands (e.d. a). Mannfjöldi eftir sveitarfélagi, kyni og aldri 31. desember 1997–2006. Sótt 18.06.2007 frá <http://www.hagstofa.is/?PageID=624>
- Hagstofa Íslands (e.d. b). Nemendur eftir námsbrautum og kyni 1975–2006. Sótt 18.06.2007 frá <http://www.hagstofa.is/?PageID=782>
- Héraðsnefnd Snæfellinga (2003). *Bréf til menntamálaráðuneytis*, dags. 05.12.03.
- Hrönn Pétursdóttir (2003) Fjölbrautaskóli Snæfellinga. Breyttir kennsluhættir, breytt skólahúsnæði. *Skólavarðan. Málagn Kennarasambands Íslands* 7,3(11–13).
- Jóna Pálsdóttir (2005). *Frá hugmynd að veruleika. Rannsókn á fyrsta starfsári Fjölbrautaskóla Snæfellinga*. Óbirt meistaraprófsritgerð. Háskóli Íslands Félagsvísindadeild.
- Menntamálaráðuneytið (2003a). *Undirritun samninga um stofnun Fjölbrautaskóla Snæfellinga*. Sótt 10.03.07 frá  
<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/2517>

- Menntamálaráðuneytið (2003b). Erindisbréf fyrir stýrihóp um undirbúning að stofnun Fjölbrautaskóla Snæfellinga.
- Menntamálaráðuneytið (2003c). Húsaleigusamningur við Jeratún ehf., dags. 19.12.03.
- Stuebing, Susan (2003). *Snæfellsnes upper secondary school: A meeting place to learn challenging, caring and supportive*. Skýrsla unnin fyrir menntamálaráðuneytið. Sótt 01.05.07 frá <http://www.menntagatt.is/default.aspx?pageid=241>
- Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir (2004). *Opnun Fjölbrautaskóla Snæfellinga á Grundarfirði 30. ágúst 2004*. Sótt 09.03.07 frá <http://menntamalaraduneyti.is/radherra/raedur/nr/2761>
- Þuríður Jóhannsdóttir (2006) *Um félagslega hugsmíðahyggju (Social–constructivism)*. Sótt 06.05.07 frá <http://ust.khi.is/tjona/hugsmid.htm>